

62. ársþing HSÍ

Laugardalshöll
Laugardaginn 6. apríl 2019

Þinggerð



Formaður HSÍ, Guðmundur B. Ólafsson, setti ársþing HSÍ í Laugardalshöll á sextugasta og öðru afmælisárinu, þann 6. apríl 2019.

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi

Til þings var boðað 27. febrúar 2019 með rafrænum hætti. Það er vel fyrir lögboðinn fyrirvara. Engar athugasemdir bárust. Þingið var því lýst löglegt.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Tilnefnd voru:

- Anna I. Jónsdóttir
- Alfreð Örn Finnsson
- Kjartan Vído Ólafsson

Enginn hreyfði við andmælum eða kom með aðrar tillögur. Töldust þau því réttkjörinn. Tók nefndin til starfa strax.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður HSÍ bar fram tillögu um Bjarka Þór Sveinsson sem þingforseta og Kristján Gauk Kristjánsson sem varaþingforseta. Var það samþykkt samhljóða með lófataki og gagntillögulaust. Töldust þeir því réttkjörnir. Tók nýskipaður þingforseti þegar til starfa.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti lét þingheim vita að Kolbrún Helga Hansen hafi boðið sig fram sem þingritara og Magnús Kári Jónsson sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust né mótmæli og þau því lýst réttkjörin. Tóku þau þegar til starfa.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs lá fyrir á þinginu, var send aðildarfélögunum fyrir þing og liggur frammi á vef HSÍ. Enginn lagði fram athugasemdir við þinggerð síðasta árs.

6. Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson, fulltrúi ÍSÍ, fékk orðið.

Hafsteinn flutti þinginu kveðju forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar. Með honum á þinginu var Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ. Hafsteinn þakkaði fyrir samstarfið á liðnu ári sem var gott, sem endranær. Þá minnti hann á starfsemi getrauna og getspár og mikilvægi þessara fyrirtækja fyrir íþróttahreyfinguna. Sagði hann að þetta væru fyriræki sem yrði að standa vörð um. Þau skili öllu sínu til samfélagsverkefna, getraunir alfarið til íþróttastarfs og getspáin sé að hluta í eigu öryrkjabandalagsins ásamt ÍSÍ og UMFÍ. Hafsteinn bað þingmenn að hafa þetta í huga og hvatti þá til að nýta þau tækifæri sem þeir eiga möguleika á varðandi fjáröflun þegar kemur að getraunastarfinu.

Hafsteinn fór yfir komandi verkefni ÍSÍ. Stóru verkefnin væru Smáþjóðaleikarnir í lok maí og Ólympíuleikarnir árið 2020. Dæmi um önnur verkefni væru Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, bæði vetrar- og sumarhátíð. Þá væru almenningaþróttaverkefnið sem margir þekkja svo sem Lífshlaupið, Hjóla í vinnuna og Kvennahlaupið. Hafsteinn sagði jafnframt að taka þyrfti á fleiri verkefnum. Til dæmis hafi ÍSÍ þurft að tilnefna fulltrúa í nefndir á vegum bæði Mennta- og menningarmálaráðherra og forsætisráðherra. Verkefni þessara nefnda snúist um það að samskipti fólks á millum séu með sómasamlegum hætti. Hafsteinn sagði það einkennilegt að komið sé fram á 21. öldina en samt þurfi að vera að huga að því að setja reglur og finna samskiptaleiðir til að koma slíkum málum í réttan farveg. Hér vísaði hann til *#metoo* umræðunnar. Hann sagðist vona að íþróttahreyfingunni lánaðist að koma þessum málum í rétt horf.

Að lokum kom Hafsteinn inn á það að alltaf sé nóg í gangi hjá Handknattleikssambandinu. Landsleikur framundan. Ærin verkefnin. Þá óskaði hann þingfulltrúum starfsams og árangursríks þings og að komandi ár yrði gott handboltaár.

Ávörp gesta voru ekki fleiri að þessu sinni.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Alfreð Finnsson sté í pontu og las upp mætingu þingfulltrúa.

Í húsi voru 32 atkvæði af þeim 78 sem eiga rétt á setu á þinginu. Alfreð átti þó von á að fleiri bættust við miðað við skráningu.

Mætt voru:

Afturelding:	Hannes Sigurðsson, Hanna Björk
FH:	Ásgeir Jónsson, Sigurgeir Árni Ægisson, Jóhannes Runólfsson, Sverrir Reynisson
Fjölnir:	Arnór Ásgeirsson, Sveinn Ingvarsson, Aðalsteinn Leifsson
Fram:	Ingunn Gísladóttir, Guðmundur Hermannson
Fylkir:	Freygarður Þorsteinsson, Anna Ósk Kolbeinsdóttir, Halldóra Ingvarsdóttir
Gróttu:	Kristín Þórðardóttir
Hamrarnir:	Siguróli Sigurðsson
HK:	Brynjar F. Valsteinsson, Björn Þ. Björnsson, Daníel Berg Grétarsson
ÍBV:	Viktor Hólm Jónmundsson
ÍF Mílan:	Árni Þór Grétarsson
ÍR:	Haraldur Hannesson
KA:	Sævar Pétursson, Atli Ragnarsson, Haddur Stefánsson, Elvar Jónsteinsson
Selfoss:	Þórir Haraldsson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson
Stjarnan:	Hrönn S. Steinsdóttir, Karl Daníelsson, Anna Bryndís Blöndal
Víkingur:	Bjarki Rafn Eiríksson

Engar athugasemdir við störf kjörbréfanefndar bárust og lýsti þingforseti því störf hennar samþykkt.

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganevnd og allsherjarnefnd þingsins

Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Inga Lilja Lárusdóttir
- Sævar Pétursson
- Sigurgeir Árni Ægisson

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

Þau voru lýst réttkjörin í fjárhagsnefnd.

Í sameinaða allsherjar- og laganevnd voru tilnefnd:

- Davíð B. Gíslason
- Viktor Hólm Jónmundsson
- Þórir Haraldsson

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

Þeir voru lýstir réttkjörnir í sameiginlega allsherjar- og laganevnd.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Þingforseti gaf Guðmundi B. Ólafssyni, formanni HSÍ, orðið.

Á síðasta starfsári gekk starfið mjög vel, í raun sama hvert litið er. Á síðasta ári var mikið bókhaldslegt tap þannig að sambandið þurfti að taka ákvörðun um það hvernig ætti að haga starfinu á komandi ári, það er hvort draga ætti úr umsvifum landsliða eða skrifstofu. Ákveðið var að taka gamla Íslendinginn á þetta, það er að halda áfram. Þetta myndi reddast. Lögð var mikil vinna í það að afla fleiri styrktaraðila að sambandinu. Það tókst. Þar þar helst að nefna nýjan aðalstyrktarsamning við Alvogen sem unnið var að í 1,5 ár. Guðmundi fannst mikilvægt að þingfulltrúar vissu að samningar við öflugan styrktaraðila takist ekki með 2-3 símtölum heldur taki samningsferlið mjög langan tíma. Þá hafi HSÍ gert samninga við Íslandshótel og KFC sem nokkuð stóra styrktaraðila. Það sem væri kannski ánægjulegast þegar maður liti yfir hóp styrktaraðila hjá HSÍ sagði Guðmundur að flest allir hefðu þeir verið til mjög langs tíma. Stærstu fyrirtækin svo sem Arionbanki, Valitor, Bílaleiga Akureyrar og Samskip, hafi verið í samstarfi við HSÍ í 15 og jafnvel 20 ár. Þannig að samstarfið við þessa aðila hafi verið gott og vonandi hafi sambandið gefið þeim líka ákveðinn stuðning á móti. Í heildina eru um 26 samstarfsaðilar sem halda starfseminni gangandi. Hins vegar varðandi reksturinn, sagði Guðmundur að sú stefnubreyting sem var hjá stjórnvöldum fyrir 2-3 árum um það að auka í afrekssjóðum hafi verið gríðarlega mikilvæg. Sú breyting hafi skilað handknattleikssambandinu umtalsverðum tekjum og hafi verið algjör lyftistöng fyrir íþróttalífið í heild sinni. Gott samstarf hafi verið við ÍSÍ og afrekssjóðinn vegna þessa og þó að maður vilji alltaf meira og HSÍ berjist áfram fyrir því að fá meira þá hafi samstarfið gengið vel. Aukningin í afrekssjóðum er gríðarlega mikilvæg í rekstri sambandsins svo því sé haldið til haga, sagði Guðmundur.

Starfsgildum á skrifstofu var fjölgað á árinu upp í 5,5 talsins. Guðmundur vildi taka það sérstaklega fram að miðað við þau verkefni sem skrifstofan væri að sinna, með þessar deildarkeppnir og öll landsliðin, þá væri mikið að gera á skrifstofunni og mikið álag á starfsmönnum. Hann tók einnig fram að það væri alveg einstaklega gaman að koma á skrifstofuna og hitta þetta fólk. Þau ynnu öll rosalega vel saman og gengu í öll störf sem þarf að vinna, jafnvel fyrir utan við þeirra starfssvið. Þau ættu miklar

þakkir skyldar fyrir sín störf. Að auki tækju þau við símtölum frá félögunum þar sem verið væri að hringja og skamma þau, sem væri auka álag ofan á allt saman. Guðmundur þakkaði starfsfólkinu alveg sérstaklega vel fyrir vel unnin störf.

Starfið í kringum landsliðin gekk vel. Unglingaliðin stóðu sig alveg frábærlega og fóru á stórmót. Guðmundur sagði að það væri alveg aðdáunarvert með þessa krakka, hvernig þau hafi safnað auglýsingum til að fjármagna ferðirnar í landsliðsverkefni, jafnvel tvær á ári. Ásamt því hvernig foreldrar hafi komið inn í það starf. Það væri alveg ómetanlegt hvernig landsliðskrakkarnir hafi tekið á móti því á meðan helsti samkeppnisaðili HSÍ í íþróttum greiðir fyrir alla sína krakka. Það lýsti áhuga þeirra. Guðmundur sagðist eiga sér þann draum að afrekssjóður verði það sterkur að þeir sem að keppa fyrir hönd Íslands, líka í yngri landsliðunum, þyrftu ekki að bera einhvern persónulegan kostnað við þátttöku í landsliðsverkefnum. Hann telur að það eigi að vera markmið hjá landsliðum í heild sinni, ekki bara í handknattleik.

Kvennalandsliðið hefur verið í mikilli uppbyggingu og meira var lagt í starfið í kringum liðið. Landsliðsvikum var fjölgað, liðið fór á fleiri æfingamót og spilaði fleiri leiki. Samhliða auknum umsvifum jókst kostnaður í kringum liðið en HSÍ telur að verið sé að búa í hagin til betri vegar og núþegar mætti sjá betri árangur hjá kvennalandsliðinu. Karlaliðið er einnig í uppbyggingu. Liðið er gríðarlega ungt. Líklega yngsta landsliðið á síðustu heimsmeistarakeppni þar sem teflt var fram yngsta leikmanni Íslands, 17 ára gömlum frá Selfossi. Guðmundur sagði að það væri alveg frábært. Framtíðin væri björt og sambandið þyrfti að halda vel utan um þessa hluti og búa til langtímaplön fyrir landsliðin.

Guðmundur kom inn á umræðuna um að landsliðsmenn séu undir miklu leikjaálagi. Hann vildi meina að sú umræða væri tvíþætt. Annars vegar væri leikjaálag atvinnumanna sem koma síðan í landsliðsverkefni þegar koma hlé. Það snúi ekki beint að íslensku leikmönnum sem spila hér á landi enda sé leikjaálagið kannski ekki mikið hér en t.d. hjá leikmönnum sem spila í Þýskalandi og á Spáni og í Frakklandi sé gríðarlega mikið álag. Guðmundur sagðist skilja vel að leikmenn kvarti undan því en að skýringin væri að hluta til sú að menn væru bara að keppa um fjármagn. Evrópumótið er á tveggja ára fresti og heimsmeistaramótið á tveggja ára fresti og hagsmunaaðilar þeirra hafi ekki viljað breyta því. Sjónvarpstekjur og aðrar tekjur af mótunum væru það miklar að menn hafi ekki treyst sér í að halda þau á fjögurra ára fresti. Bæði EHF og IHF telji að athyglin á handboltann minnki og að það verði erfiðara að fjármagna þessi mót. Það verði bara of dýrt til að halda þessari starfssemi gangandi. Þá sagði Guðmundur að deildarkeppnirnar hafi ekki heldur viljað gefa eftir. Þær væru líka að hugsa um innkomu. Innkoma félaganna ylti á því hversu marga leiki þau spila. Dæmi um árekstra af þessum völdum er þegar leikmenn sem spila í Svíþjóð þurfa að koma seinna inn í landsliðsverkefni af því að síðasti deildarleikur þeirra er daginn fyrir landsleikjahlé.

Hinn punkturinn varðandi leikjaálagið sagði Guðmundur að væri innan móta. Mótin væru sett þannig upp að stutt væri á milli leikja. Íslenska liðið hafi sannarlega fundið fyrir því á heimsmeistaramótinu í janúar síðastliðnum að þegar stutt er á milli leikja verður álagið mikið og þar með meiðslaálagið líka. Meiðsli leikmanna á þessu móti voru með meira móti. Guðmundur taldi að öll liðin og þjálfararnir hafi verið sammála um að fjölgun meiðsla væri vegna mikils leikjaálags. Að menn næðu ekki nægilega mikillri hvíld á milli leikja. Kannski átti það meira við um íslenska liðið sem var kannski ekki með eins breiðan hópa og hin liðin og þurfti að keyra á færri mönnum í leikjunum. Guðmundur var vongóður um að hægt verði að gera bragarbót á stórmótunum en sagði jafnframt að þá verði árekstrar við félögin. Þau vilji ekki að mótin taki lengri tíma en þau taka í dag af því að þau vilji fá leikmennina sína strax aftur inn í deildarkeppnina. Allt stopp á deildarkeppninni væri tekjutap. Guðmundur sagði ljóst að skoða þurfi þetta vandamál frá mörgum hliðum.

Deildarkeppnin hér heima, bæði karla og kvenna, gekk mjög vel. Sambandið er ánægt með sjónvarpsendingarnar. Sýnt var frá fleiri leikjum. Ekki voru til marktækar tölur um áhorf en umræðan var mikil og handboltaþátturinn sem var sýndur var mjög góður. Þáttstjórnendur stóðu sig vel og sköpuðu mikla umræðu. Guðmundur telur að handboltasamfélagið þurfi samt sem áður að vera vakandi fyrir framtíðinni í sjónvarpi. Það hafi verið frábært að geta farið inn á netið og geta séð leiki á netinu sem ekki voru sýndir í sjónvarpinu. Sambandið þurfi fyrr en seinna að kynna sér betur nýjustu tæknina sem er að riðja sér til rúms og kanna hvort HSÍ geti sýnt frá leikjunum sjálft eða í gegnum eigin kanal. Sambandið þurfi að vera vakandi fyrir því hvernig framtíðin liggi í þeim málum. Guðmundur tók það fram að hann væri ekki að hallmæla núverandi samstarfi í sjónvarpsútsendingum. Samstarfið væri mjög gott og HSÍ væri mjög ánægt í því samstarfi.

Mótamálin voru reifuð mjög ítarlega í skýrslu stjórnar HSÍ. Eins og þar kemur fram eru mótamálin alltaf í umræðunni. Guðmundur fullyrti að stjórnin væri ávallt tilbúin að hlusta á gagnrýni og hvað mætti gera betur, sérstaklega gagnvart félögunum úti á landi. Ef þörf er á að gera eitthvað, að þá hlusti stjórnin á það. Hins vegar tók hann einnig fram að til þess að svona mót gangi og gangi upp þá er ekki alltaf hægt að vera að fresta leikjum. Skipulagið þurfi að vera dálítið fast fyrir og stöðugt til þess hreinlega að mótin gangi upp og fari ekki í vitleysu. Finna þurfi einhvern meðalveg í þessu samhengi. Sem dæmi má nefna að í skoðun væri að breyta kvennadeildinni með tilliti til liða úti á landi þannig að leikir yrðu spilaðir um helgar. Stjórnin er alltaf tilbúin í slíkar umræður.

Annað er ekki hægt en að minnast á þjóðarleikvanginn og aðstöðuleysi landsliðsins, sagði Guðmundur. Sambandið hefur reynt að skapa umræðu um þjóðarleikvang. Guðmundur sagði gríðarlega mikilvægt að taka þá umræðu núna, ef að þjóðarleikvangur ætti að vera í laugardal, að það yrði gert í samvinnu við borgaryfirvöld sem væru að fara, vonandi, að byggja íþróttahús fyrir Þrótt. Það hefur verið mikið keppikefli hjá Guðmundi að tengja þessa umræðu við það því að hann vildi meina að ef byggt yrði íþróttahús hér í laugardal fyrir Þrótt þá yrði umræðan um þjóðarleikvang sett á ís til lengri tíma. Það væri ekki gott. HSÍ hefur tekið þessa umræðu upp innan ÍSÍ og óskað eftir liðsinni þeirra af því að handknattleiks- og körfuknattleikssambandið hafa verið samstíga í því að ná einhverjum árangri í þessum umræðum. Umræður hafa átt sér stað við menntamálaráðuneytið, borgina og aðra aðila sem tengjast þessu, svo sem háskólann, hvort hægt væri að stofna til samstarfs af því að síðan þurfi að reka þetta hús þegar þar að kemur. Jafnframt lagði Guðmundur mikla áherslu á að þó að HSÍ væri að hugsa um aðstöðu og alþjóðakeppnisvöll fyrir sig að þá væri þetta tækifæri fyrir allar innanhúsiþróttirnar til að sameinast í rekstri á slíku húsi. Það er allar minni greinar sem krefjast lítilla sala en skortir æfingaaðstöðu. Guðmundur sagði að þetta væri því í raun átaksverkefni íþróttasambandsins í heild og HSÍ vildi vera þar í forystu og passa upp á að þetta verði gert þannig að sómi verði af.

Guðmundur sagði tillögurnar sem lægju fyrir þinginu ekki vera margar en að Davíð myndi fara yfir þær. Hann minntist þó sérstaklega á siðareglurnar, þá einna helst hvað varðar veðmálastarfsemi, sem lágu fyrir þinginu og hvatti þingfulltrúa til að skapa umræðu um þær. Fólk væri farið að veðja á ólíklegustu hluti sem gerast í leiknum en ekki bara úrslitin. Þetta væri orðið hættulegt fyrir íþróttina. Fyrir nokkrum árum kom fulltrúi frá ÍSÍ og lýsti þessu fyrir sambandinu að menn gætu veðjað um það hver fengi fyrsta innkastið í fótbolta og fengið fyrir það 200 þúsund krónur. Leikmaður á mjög auðvelt með að sparka út af og fá 200 þúsund fyrir ef að það er í boði. Það hefur í sjálfu sér ekki áhrif á leikinn. Guðmundur ítrekaði mikilvægi þess að fylgjast með að leikmenn í handbolta væru ekki að veðja á eigin leiki eða þau úrslit sem þeir kynnu að hafa betri tök á að hafa upplýsingar um. Þess vegna kæmi þetta inn í sérreglurnar og Davíð myndi fjalla um það meðal annars seinna á þinginu.

Reglum um kosningu stjórnar var breytt á ársþingi 2018 og minnti Guðmundur þingmenn á að kosið yrði með nýja fyrirkomulaginu að þessu sinni. Nú byðu menn sig fram til tiltekinna starfa. Stjórnin átti stundum við vandamál að stríða þegar menn buðu sig fram að kannski var bara laust gjaldkerastarfið

og sá aðili hafði nú kannski engan sérstakan áhuga á því. Guðmundur sagði miklar breytingar verða á stjórninni í ár. Fimm aðilar gengu úr stjórn, þau Þorbergur Aðalsteinsson, Þorgeir Haraldsson, Hjalti Þór Hreinsson og Hjördís Guðmundsdóttir. Þau hafi ekki gefið kost á sér áfram til starfa. Guðmundur þakkaði þeim kærlega fyrir samstarfið undanfarin ár og sagði að samstarfið í stjórninni hafi verið mjög gott.

Að lokum sagði Guðmundur að handboltahreyfingin gæti litið björtum augum til framtíðar. Þá hvatti hann þingfulltrúa til að koma fram með málefni á þinginu sem þeir teldu þörf á að ræða af því að allir þurfi að hjálpast að til að vinna að framgangi handboltans og betur sjá augu en auga. Guðmundur lítur björtum augum á framtíðina, bæði í deildarkeppnum og í yngri flokkum að ógleymdum landsliðunum.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

61. ársþing HSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 28. apríl 2018 og var Guðmundur B. Ólafsson endurkjörinn formaður HSÍ.

Tvær breytingar urðu á stjórn HSÍ en úr stjórn fóru þeir Guðjón L. Sigurðsson og Jakob Sigurðsson en í þeirra stað voru Reynis Stefánsson og Þorgeir Haraldsson kjörinir til eins árs.

Þá voru Arnar Þorkelsson, Guðríður Guðjónsdóttir og endurkjörin til eins árs

Þau sem áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu voru Davíð B. Gíslason, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir og Þorbergur Aðalsteinsson.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 10 formlega fundi en þar fyrir utan voru haldnir 3 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir um málefni hreyfingarinnar, s.s. markaðsmál sjónvarpsmál, Olís deildina, Coca Cola bikarinn, #metoo umræður, málefni yngri flokka og komandi ársþing sambandsins.

Óbreytt fyrirkomulag var á deildarkeppnum og hefur það gengið vel og hefur verið mikil spenna í öllum deildum.

Á síðasta starfsári hefur rekstur sambandsins tekið miklum breytingum til batnaðar.

Þrátt fyrir mikið bókhaldslega tap á síðasta ári var ákveðið að draga ekki úr starfssemi heldur var stöðugildum á skrifstofu fjölgað um ½. Nú eru um 5,5 stöðugildi á skrifstofu sem sinna öllum verkefnum sambandsins. Þá var rekstur landsliða með svipuðu sniði en þó með aukinni áherslu á aukin verkefni fyrir kvennalandsliðið með auknum kostnaði. Á móti var unnið að auka tekjur sambandsins. Gerðir voru nýjir samstarfssamningar við nokkur fyrirtæki. Ber þar að nefna samstarfssamning við Alvogen, en einnig komu Íslandshótel, Opin kerfi og KFC inn sem nýjir samstarfsaðilar. Þá voru endurnýjaðir samstarfssamningar við aðra samstarfsaðila. Athyglivert er að flestir styrktaraðilar sambandsins hafa verið í 10 ár eða lengur og stutt vel við uppbyggingu handknattleiks og tryggt þann árangur sem nást hefur. Samstarfsaðilar sambandsins eru nú 26 talsins.

Árangur landsliða eins og síðar er rakið í skýrslunni var vel viðunandi. Kvennaliðið hefur gengið í gegnum þó nokkrar breytingar og hefur uppbyggingin verið að skila sér með betri úrslitum. Það er von okkar að fljótlega muni liðinu takast að komast aftur á stórmót sem yrði mikilvægur þáttur í styrkingu kvennahandboltans. Hjá karla landsliðinu má segja það sama. Á síðasta Heimsmeistaramóti tefldum við fram einu yngsta landsliði sem hefur spilað fyrir Íslands hönd. Það gefur vonir um að við getum fetað okkur aftur á meðal 10 bestu þjóða heims. Slíkt er þó ekki sjálfgefið og krefst mikillar vinnu.

Þá var árangur yngri landsliða mjög góður og voru 3 landslið þátttakendur á lokamótum og þar þar hæst silfurverðlaun hjá u-18 ára landsliði karla á EM í Króatíu.

Á árinu var haldið áfram að ýta á borgaryfirvöld og stjórnvöld við að fá viðunandi aðstöðu bæði til æfinga og keppni fyrir landslið okkar, með byggingu þjóðarleikvangs. Viðbrögð borgarinnar hafa verið jákvæð en meira þarf til. Ekki er komist hjá því að ríkisvaldið komi með einhverjum hætti í svo stóra ákvörðun, hvort sem er með beinum fjárframlögum við byggingu eða styrkjum við rekstur á slíku mannvirki, sem þjóna mun öllum landsmönnum. Ljóst er að nær allar "inni" íþróttagreinar þurfa að fá viðunandi aðstöðu fyrir landslið sín og verkefnið er því brýnt.

ÍSLANDSMÓT OLÍS DEILDIRNAR

OLÍS er samstarfsaðili úrvalsdeilda karla og kvenna. Fjármagnið sem kemur út úr þeim samning er notað til kynningar á OLÍS deildinni.

Keppnistímabilið 2018 – 2019 er leikið í 12 liða deild með tvöfaldri umferð og átta liða úrslitakeppni og falla tvö lið. Í neðri deildum var svo leikið í bæði 1. og 2. deild og hefur liðum fjölgað mikið með tilkomu ungmennaliða. Í kvennadeildinni var leikið í tveim deildum, 8 lið voru í úrvalsdeild kvenna en 11 í 1. deild. Leikin var þreföld umferð með fjögurra liða úrslitakeppni.

Umfjöllun í fjölmiðlum hefur verið góð og hefur aukist til muna eftir nýjan sjónvarpssamning og má segja að Stöð2Sport hafi lyft umfjöllun á hærra plan. Þá hafa mbl.is, visir.is og RÚV einnig staðið sig mjög vel í umfjöllun um Íslandsmótið og bikarkeppnina. Handkastið, hlaðvarp um íslenskan handbolta hóf göngu sína í haust og hefur verið reglulega á dagskrá í allan vetur en auk þess hafa félögin verið dugleg að sýna frá sínum leikjum með netútsendingum sem er öllum áhugamönnum um handbolta til góðs.

Þá tók HSÍ upp samstarf með HB Statz þar sem félög tóku saman tölfræði í leikjum í Olís-deildunum og einnig ákveðnum leikjum í Grill-66 deildunum. Mæltist þetta vel fyrir en ljóst er að handboltahreyfingin á Íslandi og víðar stefnir á að taka alfarið upp rafrænar leikskýrslur. Þetta samstarf er fyrsta skrefið hjá HSÍ í þá átt. Tölfræðin vakti verðskuldaða athygli í almennri umræðu um handbolta, sem og hjá fjölmiðlum."

Mörg félög streyma leikjum á netinu sem hefur gefið góða raun og hjálpar við útbreiðslu íþróttarinnar.

COCA COLA BIKARINN

Úrslitahelgi Coca Cola bikarsins (final four fyrirkomulagið) hefur gefið góða raun undanfarin ár og því varð engin breyting. Í meistaraflokki var spilað fimmtudag, föstudag og úrslitaleikirnir á laugardag en úrslit yngri flokka voru leikin á sunnudeginum. Þetta fyrirkomulag hefur tekist einstaklega vel og hefur verið mjög jákvæð umfjöllun í framhaldi. Allir leikir í meistaraflokki karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV og RÚV 2. Þá voru úrslitaleikir 3.flokks einnig sýndir í beinni útsendingu á RÚV og úrslitaleikur 4.flokks á Sport TV.

Má reikna með að rúmlega tíu þúsund manns hafi komið í Laugardalshöllina þessa helgi og skemmt sér vel hvort sem er á leikjum meistaraflokka eða yngri flokka. Í undanúrslitum mættust hjá körlunum Fjölnir og Valur annars vegar þar sem Valur sigraði 28-25 eftir framlengdan leik. Hinsvegar mættust FH og ÍR þar sem FH vann 25-24. FH varð svo bikarmeistari eftir sigur á Val 27-24. Í undanúrslitum kvenna mættust ÍBV og Valur þar sem Valur sigraði 17-12 en í hinum leiknum mættust Stjarnan og Fram þar sem Fram sigruðu 31-20. Úrslitaleikurinn var því milli Fram og Vals þar sem Valur sigraði 24-21 og hampaði bikarmeistaratitlinum.

SAMSTARFSAÐILAR

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á því.

Guðmundur B. Ólafsson formaður.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir:

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður

Lárus B. Lárusson, ritari

Ásta Björk Sveinsdóttir, nefndarmaður

Brynja Ingimarsdóttir, nefndarmaður

Margrét Berg Theodórsdóttir, nefndarmaður

Ragnheiður Traustadóttir, nefndarmaður

Landsliðsþjálfarar

A landslið: Axel Stefánsson og Elías Már Halldórsson aðstoðarþjálfari. Liðstjóri Þorbjörg Gunnarsdóttir.

B landslið: Axel Stefánsson og Rakel Dögg Bragadóttir.

U20 ára : Stefán Arnarsson og Hrafnhildur Skúladóttir. Liðstjóri Guðríður Guðjónsdóttir. Liðið kláraði HM í Ungverjalandi í júlí 2018.

U19 ára: Haraldur Þorvarðarson og Sigurgeir Jónsson til hausts 2018, þá tók Stefán Arnarsson við af Haraldi Þorvarðarsyni. Liðstjóri Guðríður Guðjónsdóttir

U17 ára: Rakel Dögg Bragadóttir, Sigurjón Friðbjörnsson og Díana Guðjónsdóttir aðstoðaði á European Open í Gautaborg í júlí 2018. Liðstjóri Brynja Ingimarsdóttir.

U15 ára: Einar Guðmundsson

Styrktarþjálfari: Fannar Karvel.

Læknir og sjúkráþjálfarar

Jóhann Róbertsson, læknir.

Ágústa Sigurjónsdóttir A landslið

Silja Theodórsdóttir U20 og U19

Hilmar Arnarsson U17.

Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umgjörð
- Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- Auka umfjöllun og markaðsetja kvennahandbolta
- Vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Halda áfram góðu samstarfi við HR vegna styrktarmælinga allra landsliða.

Æfingatímar landsliða

Betur hefur gengið að fá æfingatíma fyrir landsliðin en oft áður. Félögin eru samt ekki nægilega dugleg að gefa HSÍ tíma og skrifstofan á oft í vandræðum með að útvega tíma fyrir liðin.

Þetta þarf að vera í lagi og er þetta allt á réttri leið.

Þurfum samt einhvern veginn að ná meiri samvinnu við félögin og þjálfarana þar.

Mót, leikir og úrslit:

A landslið kvenna:

Undankeppni EM 2018, 21. – 25. mars og 30. maí – 2. júní. Fjórar seinustu umferðir undankeppni EM. Íslenska liðið hafnaði í 4. sæti riðilsins með 1 stig og komst því ekki á EM. 16 leikmenn og 7 starfsmenn fóru með liðinu í leikina erlendis.

21. mar.	Laugardalshöll	Ísland - Slóvenía	30-30
25. mar.	Slóvenía	Slóvenía - Ísland	28-18
30. maí	Laugardalshöll	Ísland - Tékkland	24-26
2. jún.	Danmörk	Danmörk - Ísland	24-17

Vínáttulandsleikir gegn Japan, 4. – 5. júní. Að lokinni undankeppni var liðið eftir í Danmörku og lék þar tvo vínáttulandsleiki gegn Japan. Eftir tap í fyrri leiknum vann íslenska liðið sigur í þeim síðar. Í þessum leikjum voru 16 leikmenn og 7 starfsmenn með liðinu.

4. jún.	Danmörk	Ísland – Japan	23-25
5. jún.	Danmörk	Ísland – Japan	19-16

Vínáttulandsleikir gegn Noregi og Kína, 19. - 23. nóvember. Undirbúningur fyrir forkeppni HM, íslenska liðið tvo vínáttulandsleiki í Noregi. Eftir góðar sigur gegn Kína tapaði liðið gegn heimakonum í síðari leiknum. 16 leikmenn og 5 starfsmenn fóru í þessa ferð.

20. nóv.Noregur	Ísland – Kína	30-24
22. nóv.Noregur	Ísland – Noregur	23-29

Forkeppni HM, 29. nóv. - 3. des. 4 liða riðill sem leikinn var í Makedóníu þar sem efsta liðið tryggði sér rétt á umspilsleik um laust sæti á HM 2019, auk þess það lið í 2. sæti sem var með bestan árangur í þeim 4 riðlum sem leikið var í. Eftir tap gegn Makedóníu var ljóst að liðið þurfti að vinna Azerbaijan með 27 marka mun í lokaleiknum og með ótrúlegum leik tókst það og gott betur þar sem íslenska liðið vann með 31 marks mun. 16 leikmenn og 8 starfsmenn fóru í þessa ferð.

30. nóv.	Makedónía	Ísland – Tyrkland	36-23
1. des.	Makedónía	Ísland – Makedónía	21-29
2. des.	Makedónía	Ísland – Azerbaijan	49-18

B landslið kvenna

Vínáttulandsleikir gegn Færeyjum, 24. – 25. nóvember. Tveir leikir gegn Færeyjum í TM höllinni í Garðabæ. Eftir tap í fyrri leiknum náði íslenska liðið jafntefli í þeim síðari. 18 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

24. nóv.	TM höllin	Ísland - Færeyjar	17-25
25. nóv.	TM höllin	Ísland - Færeyjar	21-21

U-20 ára landslið kvenna

Undankeppni HM í Vestmannaeyjum, 23. – 25. mars. Íslenska liðið náði í 2. sæti í mótinu og tryggði sér sæti á HM í Ungverjalandi. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi aldurshópur kemst í lokakeppni stórmóts. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í mótið, en auk þess stóð HSÍ fyrir mótinu og var með tvo starfsmenn í Vestmannaeyjum á meðan mótið fór fram.

23. mar.	Vestmannaeyjar	Makedónía - Ísland	20-35
24. mar.	Vestmannaeyjar	Ísland - Þýskaland	24-25
25. mar.	Vestmannaeyjar	Ísland - Litháen	32-18

HM í Ungverjalandi, 2. júlí – 11. júlí. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti í sínum riðli en var slegið út í 16 liða úrslitum. Liðið tapaði leiknum um 9. sætið og hafnaði því í 10. sæti af 24 liðum í mótinu sem er besti árangur yngri landsliða kvenna nokkru sinni. Í mótið fóru 16 leikmenn og 5 starfsmenn.

2. júl.	Ungverjaland	Kórea - Ísland	29-29
3. júl.	Ungverjaland	Ísland - Slóvenía	24-22
5. júl.	Ungverjaland	Rússland - Ísland	32-14
6. júl.	Ungverjaland	Ísland - Chíle	35-20
8. júl.	Ungverjaland	Kína - Ísland	22-23
10. júl.	Ungverjaland	Ísland – Noregur	30-35
11. júl.	Ungverjaland	Krótía - Ísland	36-23

U-18 ára landslið kvenna

Vínáttulandsleikir gegn Slóvakíu, 27. – 29. júlí. Þrír vínáttulandsleikir gegn Slóvakíu ytra, eftir töp í fyrstu tveim leikjunum vann íslenska liðið góðan sigur í seinasta leiknum. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

27. júl.	Slóvakía	Slóvakía - Ísland	27-24
28. júl.	Slóvakía	Slóvakía - Ísland	29-24
29. júl.	Slóvakía	Slóvakía - Ísland	14-26

U-16 ára landslið kvenna

Opna Evrópumótið í Svíþjóð, 2. – 6. júlí. Íslenska liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli og lék því um 9 - 20. sæti. Eftir sigur í milliriðlinum lék íslenska liðið við Noreg um 9. sætið í mótinu og vann þann leik í mótinu. Liðið endaði í 9. sæti af 20 liðum, efst Norðurlandþjóða. Í ferðina fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

2. júl.	Svíþjóð	Ísland - Finnland	10-13
2. júl.	Svíþjóð	Spánn - Ísland	24-13
3. júl.	Svíþjóð	Ísland - Frakkland	13-20
3. júl.	Svíþjóð	Azerbaidjan - Ísland	8-27
4. júl.	Svíþjóð	Ísland - Rússland	28-27
4. júl.	Svíþjóð	Slóvakía – Ísland	20-27
5. júl.	Svíþjóð	Eistland - Ísland	16-23
6. júl.	Svíþjóð	Ísland – Noregur	23-22

Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd hefur haldið 6 bókaða fundi, auk annara funda. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða. Þökkum við fyrir gott samstarf og vonum að samstarfið haldi áfram á sömu braut.

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður landsliðsnefndar kvenna

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd karla:

Þorbergur Aðalsteinsson (formaður)

Páll Ólafsson

Páll Þórólfsson

Stefán Garðarsson

Landsliðsþjálfarar

A landslið karla: Guðmundur Guðmundsson, Gunnar Magnússon og Thomas Svenson

B landslið karla: Einar Andri Einarsson (tók við af Einar Guðmundssyni í september)

U-21 árs landslið karla: Einar Andri Einarsson (tók við af Bjarna Fritzsyni í september)

U-19 ára landslið karla: Heimir Ríkarðsson

U-17 ára landslið karla: Maksim Akbachev og Guðmundur Helgi Pálsson.

U-15 ára landslið karla: Einar Guðmundsson

Hæfileikamótun HSÍ: Einar Guðmundsson

Læknar og sjúkrateymi

A & B landslið karla:

Læknar: Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson

Sjúkrabjálfarar: Jón Birgir Guðmundsson, Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson

U-21 árs landslið karla:

Sjúkrabjálfari: Stefán Baldvin Stefánsson

U-19 ára landslið karla:

Sjúkrabjálfari: Andrés Kristjánsson

U-17 ára landslið karla

Osteópati: Hilmar Þór Arnarson

Liðsstjórar

A landslið karla: Guðni Jónsson

B landslið karla: Jóhannes Runólfsson

U-21 árs landslið karla: Jóhannes Runólfsson

U-19 ára landslið karla: Björn Eiríksson

U-17 ára landslið karla: Andri Sigfússon

Helstu verkefni og áherslur

Ungir og efnilegir leikmenn hafa undanfarin ár verið áberandi í Olís-deild karla og nú er óhætt segja að þeir séu farnir að setja mark sitt á A landslið karla. Íslenska liðið hafnaði í 11. sæti á HM og má segja að þetta mót hafi markað ákveðin tímamót í kynslóðaskiptum landsliðsins. Sjö nýliðar tóku þátt á HM í Þýskalandi og Danmörku og vöktu þeir óskipta athygli fyrir vasklega framgöngu á mótinu og ríkir mikil bjartsýni með framhaldið undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar.

A landsliðið byggir á miklum og góðum árangri yngri landsliðanna undanfarin ár og á því varð engin breyting í ár. U-20 ára landslið karla náði 7. sæti á EM í Slóveníu þrátt fyrir töluverða manneklu og U-18 ára landslið karla tók silfurverðlaun á EM í Króatíu eftir tap gegn Svíum í úrslitaleik. Auk þess eru fjölmargir yngri leikmenn sem æfa með yngstu landsliðunum og biða þeir eftir að fá sín tækifæri á alþjóðasviðinu.

En þó að vel hafi gengið má alls ekki sofna á verðinum, áframhaldandi uppbygging á afreksstarfinu er mikilvæg hvort sem litið er til þjálfunar, aðstöðu eða annarra hluta sem tengjast afreksfólkinu okkar. Hæfileikarnir eru til staðar en það er okkar að hjálpa unga fólkinu svo það komist á næsta stig í íþróttinni. Það er bjart framundan en það er okkar að komast þangað, áfram Ísland.

Leikir mót og úrslit

A landslið karla

Umspil um laust sæti á HM 2019, 8. og 13. júní. Eftir jafntefli ytra vann íslenska liðið þriggja marka sigur í troðfullri Laugardalshöll og tryggði sér sæti á HM 2019. 17 leikmenn og 7 starfsmenn fóru með liðinu til Litháen.

8. jún.	Litháen	Litháen - Ísland	27-27
13. jún.	Laugardalshöll	Ísland - Litháen	34-31

Undankeppni EM 2020, 24. – 28. okt. Undankeppni fyrir EM hófst í október með tveimur leikjum þar sem liðið vann tvo þægilega sigra. 16 leikmenn og 8 starfsmenn fóru með liðinu til Tyrklands.

24. okt.	Laugardalshöll	Ísland - Grikkland	35-21
28. okt.	Tyrkland	Ísland - Tyrkland	33-22

Vináttulandsleikir gegn Bahrein, 28. – 30. des. Fyrsti hluti undirbúnings fyrir HM 2019 voru tveir leikir gegn Bahrein í Laugardalshöll, stórir sigrar unnust í báðum leikjum. 20 leikmenn og 7 starfsmenn komu að þessum leikjum.

28. des.	Laugardalshöll	Ísland – Bahrein	36-24
30. des.	Laugardalshöll	Ísland – Bahrein	36-19

Gjendsidige Cup, 3. - 6. janúar. 4 landa mót í Osló, undirbúningur fyrir HM í Danmörku og Þýskalandi. Íslenska liðið lék 3 leiki á 4 dögum, vann tvo þeirra og tapaði einum. 19 leikmenn og 6 manna starfslið fór með liðinu til Noregs.

3. jan.	Noregur	Noregur - Ísland	31-25
5. jan.	Noregur	Ísland - Brasilía	33-29
6. jan.	Noregur	Ísland - Holland	27-23

HM í Danmörku og Þýskalandi, 11. - 23. janúar. Ísland lék Ólympíuhöllinni í München í riðlakeppninni, 6 lið léku í riðlinum og komust 3 þeirra áfram í milliriðil. Strákarnir okkar náðu 3. sætinu með frábærum

sigri á Makedóníu í lokaleik riðilsins. Í milliriðli lék íslenska liðið í Lanxess höllinni í Köln, lykilmenn í liðinu meiddust gegn Þýskalandi og var því við ramman reip að draga og töpuðust allir leikir liðsins þar. Íslenska liðið hefur gengið í gegnum mikla endurnýjun undanfarin misseri og varð áframhald á því á þessu móti, 7 af þeim 18 leikmönnum tóku þátt í sínu fyrsta stórmóti. Ungt og efnilegt íslenskt lið vakti athygli og má reikna með að þeir leikmenn liðsins sem enn spila í Olísdeildinni haldi í atvinnumennsku á næstu árum. 18 leikmenn og 8 starfsmenn fóru með liðinu til Þýskalands.

11. jan.	Þýskaland	Ísland - Króatía	27-31
13. jan.	Þýskaland	Ísland - Spánn	25-32
14. jan.	Þýskaland	Ísland - Bahrain	36-18
16. jan.	Þýskaland	Ísland - Japan	25-21
17. jan.	Þýskaland	Ísland - Makedónía	24-22
19. jan.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	24-19
20. jan.	Þýskaland	Ísland - Frakkland	22-31
23. jan.	Þýskaland	Ísland - Brasilía	32-29

U-20 ára landslið karla

Vínáttulandsleikir gegn Frökkum, 7. – 9. júlí. Tveir vínáttulandsleikir í Frakklandi, undirbúningur fyrir EM í Slóveníu. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

7. júl.	Frakkland	Frakkland - Ísland	30-30
9. júl.	Frakkland	Frakkland - Ísland	30-20

EM í Slóveníu, 19. – 29. júlí. Íslenska liðið náði 7. sæti af 16 liðum á EM þrátt fyrir að 4 lykilmenn hafi vantað í liðið. Þar með tryggði liðið sér sæti á HM á Spáni á næsta ári. 16 leikmenn og 5 starfsmenn fóru með í þessa ferð.

19. júl.	Slóvenía	Ísland - Rúmenía	19-29
20. júl.	Slóvenía	Svíþjóð - Ísland	33-35
22. júl.	Slóvenía	Þýskaland - Ísland	25-25
24. júl.	Slóvenía	Ísland - Serbía	25-25
25. júl.	Slóvenía	Slóvenía - Ísland	25-21
27. júl.	Slóvenía	Ísland - Króatía	27-31
29. júl.	Slóvenía	Ísland - Serbía	30-27

Vínáttulandsleikir gegn Frökkum, tveir leikir gegn firnasterku liði Frakka sem lentu í 2. sæti á EM í Slóveníu í sumar. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

26. okt. Schenkerhöllin	Ísland - Frakkland	28-24
27. okt. Schenkerhöllin	Ísland - Frakkland	21-26

U-18 ára landslið karla

Nations Cup í Þýskalandi, 28. – 30. júlí. Undirbúningur fyrir EM, íslenska liðið hafnaði í 2. sæti af fjórum liðum í mótinu eftir tap með minnsta mun gegn heimamönnum í Þýskalandi. 16 leikmenn og 3 starfsmenn fóru í þessa ferð.

28. jún. Þýskaland	Noregur – Ísland	25-26
29. jún. Þýskaland	Þýskaland - Ísland	26-25
30. jún. Þýskaland	Ísrael - Ísland	28-28

EM í Króatíu, 9. – 19. ágúst. Íslenska liðið lék til úrslita í mótinu en tapaði þar fyrir Svíum (2. sæti af 16 liðum). Tveir leikmenn íslenska liðsins komust í úrvalslið mótsins og var Haukur Þrastarson valinn besti leikmaður mótsins. Með þessum árangri tryggði liðið sér sæti á HM á næsta ári og EM eftir tvö ár. Auk þess tryggir þessi árangur liðsins að 18 ára landslið Íslands (f.2002/2003) á sæti á EM eftir tvö ár og Ólympíuhátið Evrópuæskunnar næsta sumar. 16 leikmenn og 5 starfsmenn fóru í þessa ferð.

9. ágú.	Króatía	Ísland - Pólland	25-20
10. ágú.	Króatía	Svíþjóð – Ísland	24-29
12. ágú.	Króatía	Slóvenía - Ísland	24-28
14. ágú.	Króatía	Þýskaland - Ísland	22-23
15. ágú.	Króatía	Ísland - Spánn	27-33
17. ágú.	Króatía	Ísland - Króatía	30-26
19. ágú.	Króatía	Ísland – Svíþjóð	27-32

Sparkassen Cup í Þýskalandi, 26. - 30. desember. Átta landa mót sem haldið er í Merzig á hverju ári og Ísland hefur sótt í yfir 20 ár. Íslenska liðið vann sinn riðil en tapaði í undanúrslitum gegn Tékkum. Í lokaleiknum unnu strákarnir okkar Dani í annað sinn í mótinu og tryggðu sér þannig 3. sætið. Í þessa ferð fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

27. des.	Þýskaland	Ísland - Saar	25-25
28. des.	Þýskaland	Ísland - Holland	31-15
28. des.	Þýskaland	Ísland - Danmörk	23-18
29. des.	Þýskaland	Ísland - Tékkland	14-24
29. des.	Þýskaland	Ísland - Danmörk	29-24

U-16 ára landslið karla

4 liða mót í Frakklandi, 24. – 28. apríl. Fjögur sterk lið þar sem allir spiluðu við alla, íslenska liðið lenti í 3. sæti með 3 stig í 3 leikjum en lakari markmun en liðið í 2. sæti. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

25. okt.	Frakkland	Ísland - Frakkland	27-27
26. okt.	Frakkland	Ísland - Króatía	23-24
27. okt.	Frakkland	Ísland - Sviss	28-25

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2018/2019

Hjalti Þór Hreinsson, formaður

Andri Sigfússon

Ágúst Karl Karlsson

Bjarki Sigurðsson

Marcus Pettersson

Unnur Sigmarsdóttir

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Starfsmaður mótanefndar 2018/2019 var Alfreð Örn Finnsson. Honum er þakkað fyrir mjög vel unnin störf á tímabilinu.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Formaður og starfsmaður nefndarinnar voru einnig í mjög virkum samskiptum í gegnum síma, í kringum flest mál sem komu upp – auk annarra mála.

Formaður mótanefndar og starfsmaður settu saman vinnuskjal þar sem öll mál sem komu formlega inn á borð mótanefndar voru færð inn. Undantekning eru mál sem leyst eru með samtölum beint við félög og aðra aðila. Í skjalinu er haldið utan um málin, bæði hvernig þau voru unnin og hver úrlausn þeirra voru. Er þetta fyrirkomulag að mati þeirra nauðsynlegt, ekki síst fyrir tilvonandi formann nefndarinnar til að koma sér inn í starf nefndarinnar, og til að geta leitað í eldri mál, enda mörg þeirra keimlík hvort öðru, og nauðsynlegt að halda samræmi milli ákvarðanna.




Málin sem mótanefnd fær inn á sitt borð eru af ýmsum toga og hafa um það bil 100 mál ratað þangað á tímabilinu. Mörg málanna eru í gangi lengi en önnur afgreidd strax. Mismikil vinna fer í hvert mál, allt frá fáeinum símtölum og tölvupósta, yfir í að taka út leikstaði.

Meistaraflokkar

Deildakeppni karla



Fækkun varð á fjölda félaga sem sendu lið til þátttöku í meistaraflokki karla. Mílan og Hvíti Riddarinn sendu ekki lið til þátttöku í deildakeppni en bæði tóku þátt í Utandeildinni. Sextán félög sendu lið til þátttöku, sem er minnsti fjöldi síðan 2012. Leikið var í Olís-deild karla, Grill 66-deild karla og 2. deild karla. Alls tóku 12 lið tóku þátt í Olís-deild karla, 10 í Grill 66 deildinni, þar af 6 U-lið, og 8 í 2. deild karla – öll U-lið. Ekki var spilað Íslandsmót í 2. flokki vegna þróun U-liðanna.

Athygli vekur að öll fjögur liðin í Grill 66 deildinni voru búin að tryggja sér sæti í umspili um laust sæti í Olís-deildinni fyrir næsta tímabilið þar sem U-liðin mega ekki spila í efstu deild. Er þessi þróun varhugaverð og eins og áður væri vert að skoða fjölgun félaga sem senda lið til þátttöku í Íslandsmótinu.



Deildakeppni kvenna

Fjölgun varð á U-liðum í Íslandsmóti kvenna og var því fjölgun á liðum sem tóku þátt í Íslandsmótinu. Leikið var í Olís-deild kvenna og Grill 66 deild kvenna. Alls tóku átta lið þátt í Olís-deildinni og ellefu í Grill 66 deildinni, fjölgun um tvö lið frá því á síðasta Íslandsmóti.



Almenn umræða um mál mótanefndar

Mótanefnd fékk inn á sitt borð ýmis mál eins og undangengin ár. Í meistaraflokkum tengjast málin gjarnan umgjörð leikja hjá félögum, en í handbók um framkvæmd leikja sem félögin þurfa að taka mið af koma fram atriði sem mótanefnd og skrifstofa HSÍ fylgja eftir. Má þar nefna atriði eins og viðtalsveggi, auglýsingar, leikkluður og öryggisgæslu. Umgjörðinni tengjast einnig þættir eins og fatnaður leikmanna. Breytingar á leikdögum t.d. vegna sjónvarpsleikja eða frestana vegna veðurs eru að sjálfsögðu hluti af vinnu mótnefndar þegar kemur að meistaraflokkum. Eins þarf mótanefnd að skoða mál vegna ólöglegra leikmanna en of mörg mál hafa komið inn á borð nefndarinnar þar sem leikmenn eru ekki með skráðan leikmannasamning eða þá að það gleymist að skrá þá á leikskýrslur.

Þessu tengt vinnur HSÍ nú með Mótanefnd að því að gera leikskýrslur rafrænar, og leikmannagrunn HSÍ þannig aðgengilegan félögum í gegnum sérstakt vefsvæði á heimasíðu HSÍ. Þannig er stefnt að því að ekki verði hægt að velja leikmenn á leikskýrslu nema hann sé með gildan samning og þar með

löglegur, og eins kemur upp villumelding ef ekki er ákveðinn fjöldi leikmanna á skýrslu. Er þetta mál í ágætum farvegi og vonar standa til að það verði frágengið áður en næsta tímabil hefst.

Þegar kemur að málefnum yngri flokka hafa því miður nokkur félög þurft að draga lið sín úr Íslandsmótinu eftir að það hófst. Þetta hefur í för með sér óþægindi fyrir andstæðinga og kostar viðkomandi félag sekt.

Mikil fækkun hefur verið í málum vegna ólöglegra leikmanna t.d. að leikmenn sem séu á sjö manna lista félags spili ólöglegir með öðru liði félagsins. Eins og kemur fram hér að neðan er nú unnið að endurbótum á þessu kerfi með það fyrir augum að fjölga liðum á Íslandsmóti.

Á formannafundi yngri flokka síðast liðið vor var ákveðið að taka upp breytingagjald vegna færslu á leikjum. Það er mat mótastjóra að þetta gjald hafi verið gott aðhald á félögin og eru mótin að mestu leyti á áætlun. Betur má ef duga skal og þurfa bæði félögin og HSÍ að gæta stöðugt að þessum málum og fækka þarf ennfrekar breytingum og eða færslum á leikjum yngri flokka. Greitt er 2500 kr. breytingagjald ef ástæða fyrir frestun telst ekki nægjanlega sterk. Skólaferðalag eða vetrarfrí telst t.d. ástæða til frestunar en ekki leikhúsferð, en bæði félög þurfa að samþykka breytingu skriflega.

Í yngri flokkum þarf að skoða fjölda liða í deildunum og vonandi verður fjöldinn þannig að raðist betur í deildir á næsta tímabili. Stefnt er að því að liðin spili 14-18 umferðir eins og kemur fram í reglugerð. Það er hins vegar áhyggjuefni að í minni deildum skuli félögin engu að síður vera í vandræðum með að finna leiktíma. Afar mikilvægt er að lið spili ekki marga leiki á síðustu dögum Íslandsmótsins. Einnig hafa lið ekki virt tímaramma sem gefinn er til að spila t.d. bikarkeppni HSÍ. Mótanefnd mun skoða tímarammann betur fyrir næsta tímabil en afar brýnt er að félögin virði frestinn sem gefinn er og fari tímanlega í að skipuleggja bikarumferðir og úrslitakeppni.

Skil á leikskýrslum félaga hefur stórbatnað milli ára. Sektir vegna skila hafa verið teknar upp og nema þær 500 kr. á sólarhring. Þrátt fyrir að HSÍ þurfi á stundum að ítreka skil á skýrslum hefur þróunin verið mjög góð í þessum málaflokki. Þetta mál ætti einnig að komast í góðan farveg með rafrænum leikskýrslum.

Eins og stundum áður bárust HSÍ nokkrar kvartanir frá liðum af landsbyggðinni vegna skilningsleysi félaga í Reykjavík á gistingu og umgjörð. Mótanefnd bendir á að samkvæmt reglugerðum ber félögum að bjóða upp á gistingu fyrir lið sem ferðast til þeirra annarsstaðar af landinu. Þetta mál hefur verið rætt á fundi um mótamál yngri flokka sem haldinn var í nóvember. Félögin hafa tekið vel í málið og hugað betur að gistingu, morgunmat og lækkað gjaldið sem innheimt er ef eftir því hafi verið óskað.

Mótshaldarar fjöliliðamóta hafa tekið sérstaklega tillit til liða af landsbyggðinni í öllum mótum og almennt eru fjöliliðamótin í góðum farvegi. Eins og með margt annað þarf stöðugt að huga að mótunum og umgjörð þeirra. Á fundi í nóvember um mótamál yngri flokka sem mótastjóri efndi til voru málín rædd og tillögur frá félögum teknar til umræðu. Eftirtalin mál stóðu þar hæst:

- Lagt var til að bannað væri að taka úr umferð í 3.flokki, en tillögunni var hafnað.
- Óskað var eftir því að hafa þrjá styrkleika í 8. og 7. flokki sem hefur þegar verið sett inn í reglugerð.
- Samþykkt var tillaga um að 4.flokkur kvenna yrði einn flokkur á næsta tímabili, ekki skipt í eldri/yngri eins og verið hefur. Er þar verið að mæta fækkun liða og reyna að fjölga liðum með þessu móti.
 - Þetta var jafnframt rætt í tilviki 5.kvenna en ákveðið var að bíða og sjá hvernig gengur með sameiningu í 4.flokki fyrst um sinn.

- Ekki telst ástæða til breytinga hjá sama aldursflokki hjá strákunum.

Á þessum fundi kom mótastjóri með þá tillögu að setja á fót nefnd sem myndi ræða mótamál yngstu flokkana. Það var ljóst eftir fundi með fulltrúum félaganna að tímabært væri að skoða fjöliliðamótin. Sex manna nefnd hefur verið stofnuð sem þegar hefur hist og rætt málin. Hugmyndin er sú að nefndin sem sett var saman með það að markmiði að hafa sem breiðasta skírskotun og ná til landsbyggðar og sem flestra félaga setji fram hugmyndir. Þær hugmyndir verða ræddar með tölvupóstsamskiptum og á öðrum fundi. Hugmyndir sem nefndin setur fram verða svo ræddar á fundi með góðum hópi fólks úr mörgum félögum áður en lagðar verða til breytingar fyrir stjórn HSÍ og formannafund.

Mál sem hafa verið rædd eru t.d. að:

- Breyta eða fjölga möguleikum á undanþágum í 6. og 5. flokki.
- Fækka úr sjö niður í fimm á listum félaga í 4. flokki en hafa áfram sjö fasta leikmenn í 3. flokki.
- 8.-6. flokkur verði hugsuð sem ein eining er kemur að mótaskipulagi.
 - Eina breytingin í þessum árgöngum sem rædd hefur verið að síðasta mótið fyrir 7. flokk eldri yrði með venjulegum bolta og föstum markmanni.
- 5. flokkur verði þá með aðeins breyttu sniði.
 - Það sem helst hefur verið gagnrýnt er að fimm lið leiki í hverri deild og tvö lið falli úr 1. deild. Hugmyndir um að hafa sex lið í 1. deild eða jafnvel tvær 1. deildir hafa verið ræddar. Hugmyndir nefndarinnar hafa verið á þá leið að halda sig við núverandi fyrirkomulag sem var sett fram eftir nokkrar tillögur áranna á undan og almennt ganga mótin vel. Hins vegar hefur sú hugmynd verið rædd að leika fjögur deildarmót og úrslitakeppni í lokin þar sem stigahæstu liðin leiki um sjálfan Íslandsmeistaratitilinn. Þannig verði einnig leikið í B og C úrslitum.

Fjöldi félaga og liða í mótum

Ath: Einnig voru haldin önnur minni mót sem eru ekki inni í þessum tölum.

5 flokkur					
KK			KVK		
Eldri		Yngri		Eldri	
Félag	lið	Félag	lið	Félag	lið
Mót 1	17 25	Mót 1	14 27	Mót 1	11 20
Mót 2	17 26	Mót 2	14 27	Mót 2	11 21
Mót 3	16 24	Mót 3	15 27	Mót 3	11 21
Mót 4		Mót 4		Mót 4	
Mót 5		Mót 5		Mót 5	
6 flokkur					
KK			KVK		
Eldri		Yngri		Eldri	
Félag	lið	Félag	lið	Félag	lið
Mót 1	16 30	Mót 1	14 30	Mót 1	14 25
Mót 2	16 34	Mót 2	18 38	Mót 2	15 29
Mót 3	16 34	Mót 3	18 41	Mót 3	15 32
Mót 4		Mót 4		Mót 4	
7 flokkur			8 flokkur		
KK		KVK		KK	
Félag	lið	Félag	lið	Félag	lið
Mót 1	15 80	Mót 1	14 53	Mót 1	12 51
Mót 2	15 90	Mót 2	15 60	Mót 2	12 54
Mót 3	16 98	Mót 3	14 66	Mót 3	12 63
Mót 4		Mót 4		Mót 4	

Sektir

Hér má sjá yfirlit yfir sektir á tímabilinu. Þetta yfirlit er fyrir bæði meistaraflokka og yngri flokka.

Ástæða (fjöldi atvika)	Upphæð sektar
Dregið úr keppni (6)	300.000
Ekki mætt til leiks (1)	25.000
Ólöglegur leikmaður (1)	25.000
Breytingar á leikjum (8)	20.000
Brot á reglugerð (3)	60.000
Samtals	430.00

Hjalti Þór Hreinsson, formaður mótanefndar HSÍ

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR 2018-2019

Starfið í vetur

Starfsmaður dómaranefndar á skrifstofu HSÍ var Magnús Kári Jónsson og er honum þakkað ánægjulegt og mjög gott samstarf í vetur.

Líkt og áður fer starf dómaranefndar að mestu fram í gegnum tölvupóst. Haldnir voru nokkrir formlegir fundir í vetur en önnur málefni afgreidd í gegnum síma og tölvupóst.

Helstu verkefni dómaranefndar hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár; umsjón með niðurröðun dómara, fundir með deildardómurum, skipulagning dómaranámskeiða, námskeið fyrir ritara og tímaverði, samskipti við þjálfara og félög auk ýmissa minni verkefna.

Haustfundur var haldinn 1. september, þá var einnig haldinn fundur með þjálfurum og forráðamönnum félaga í efstu deildum 6. september sl. Stór áfangi var tekinn í samvinnu við fjölmiðla þegar formannafundur félaganna samþykkti að leyfa myndbandsdómgæslu í Olísdeildunum á haustdögum sem síðan hefur verið notuð í þeim sjónvarpsleikjum þar sem þrjár eða fleiri myndavélar eru til staðar. Vinnufundur með dómurum og eftirlitsmönnum var haldinn 9. janúar þar sem farið var yfir hvernig hefur gengið í vetur og hvað má bæta. Annar fundur verður haldinn með dómurum og eftirlitsmönnum í apríl, fyrir úrslitakeppni.

Gott samstarf hefur verið við þjálfara og forráðamenn í efstu deildum og ber að hrósa þeim fyrir málefnalega umræðu og gott samstarf.

Öll samskipti þjálfara og dómara fara nú í gegnum skrifstofu HSÍ en borið hafði á því undanfarin ár að ákveðnir þjálfarar höfðu verið í beinu sambandi eftir leiki við dómara til að krefjast útskýringa á dómum í leikjum sínum. Slíkt er ekki leyfilegt og var þjálfurum liðanna tilkynnt um það á fundi í haust.

Undirbúningur og haustfundur

Undirbúningur dómara hófst í júní, bæði með eigin æfingum auk þess sem Fannar Karvel tók á mótí dómurum í Spörtu tvisvar í viku. Allir dómarar sem dæma í efstu deildum Íslandsmótsins keyptu sér Polar úr og þannig var að hægt að fylgjast með æfingum þeirra þessum tíma. Auk þess þurftu allir dómarar að dæma fimm æfingaleiki áður en Íslandsmótið hófst.

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn laugardaginn 1. september. Þar fór dómaranefnd ásamt góðum gestum yfir áherslur vetrarins og línur lagðar. Meðal gesta á fundinum var Jóhann Ingi Gunnarsson sem flutti fyrirlestur um hugarfar afreksdómara og Helgi Rafn Hallsson, starfandi deildardómari í Danmörku fór yfir nýjar leikreglur IHF sem kynntar voru í sumar. Bæði voru þrek- og skrifleg próf tekin þennan sama dag. Nýjungar voru kynntar í þrekprófinu, þar sem dómarar eru nú látnir þreya bæði YoYo-test og T-test í staðinn fyrir hið gamalkunna píp-test (Shuttle run test). Fannar Karvel vinnur nú að nýjum viðmiðum í þrekprófum handknattleiksdómara, en hann hefur viðamikla þekkingu af þjálfun dómara þar sem hann hefur starfað undanfarin ár með dómurum hjá KSÍ. Kunnum við Kristjáni Halldórssyni og Fannari Karvel bestu þakkir fyrir aðstoð við þjálfun og þrekpróf dómara.

Samstarf með fjölmiðlum – Myndbandsdómgæsla og hljóðnemi á dómurum

Strax í haust var óskað eftir fundi með umsjónarmönnum Seinni bylgjunnar á Stöð2Sport. Eftir góðan fund með þeim var ákveðið að fara strax í frekara samstarf og bjóða uppá bæði myndbandsdómgæslu og hljóðnema á dómurum á ákveðnum sjónvarpsleikjum. Auk þess hafa stjórnendur þáttarins leitað til dómara nefndar eftir ráðum í tengslum við leikreglur en betur má ef duga skal, framtíðarsýn dómara nefndar er að eiga talsmann í þættinum.

Dómara nefnd lagði til á fundi stjórnar HSÍ að tekin yrði upp myndbandsdómgæsla að danskri fyrirmynd, sem síðar var samþykkt á formannafundi. Ekki voru allir sáttir með að þetta yrði tekið upp til prufu en óhætt er að fullyrða að vel hefur tekist til og mikil ánægja hefur verið með þennan hluta dómgæslunnar. Fyrst um sinn er aðeins hægt að nota myndbandsdómgæslu þegar 3 myndavélar eða fleiri eru til staðar á leikjum. Helstu áhyggjur voru að ójafnvægi yrði á milli liða, þau lið sem oftast eru í sjónvarpi munu frekar njóta góðs af myndbandsdómgæslu. Það er mat dómara nefndar að þetta hafi tekist vel í flestum tilvikum, leikurinn ekki tafist og flæði leiksins í flestum tilvikum verið mjög gott. Eftir að keppnistímabilinu lýkur mun dómara nefnd fara í frekari úttekt á því hvernig til hafi tekist.

Í reglugerð fyrir myndbandsdómgæslu segir:

2. grein

Dómarar geta eingöngu nýtt sér myndbandsupptöku strax eftir viðkomandi atvik og aðeins við eftirfarandi aðstæður:

1. Mark eða ekki mark - ákvörðun um hvort að allur boltinn hafi farið yfir alla marklínuna.
2. Mark eða ekki mark - ákvörðun um hvort að leiktími hafi runnið út áður en allur boltinn fór yfir alla marklínuna. (Lok hálfleikja og framlenginga.)
3. Alvarleg óíþróttamannsleg atvik: utan sjónsviðs dómara; og fjarri bolta.
4. Í þeim tilvikum að vafi er á því hvaða eða hvort leikmanni skuli refsað með útilokun (rauðu spjaldi).
5. Í þeim tilvikum að fleiri en tveim leikmönnum lendir saman (hópslagsmál).
6. Ef um er að ræða ranga skiptingu eða of marga leikmenn á vellinum og vafi leikur á því hvaða leikmaður sé brotlegur.
7. Þegar um er að ræða atvik sem falla undir reglu 8.10c eða 8.10d og dómara eru í vafa um hvað skal dæmt (bolti úr eða í leik).
8. Í þeim tilvikum að dómara eru í vafa hvort um brot sé að ræða eða leikaraskap til að villa um fyrir þeim.

Áskorun frá seinasta ársþingi

Dómarar og dómara nefndin voru töluvert gagnrýnd í hreyfingunni fyrir fjölda rauðra spjalda í byrjun vetrar. Það sem gleymdist í þeirri umræðu var áskorun frá ársþingi HSÍ 2018 en þar segir:

“Sextugasta og fyrsta ársþing HSÍ samþykkir að beina því til stjórnar að taka hart á fólkskubrotum á leikvelli. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að leikmenn komist upp með fólkskubrot enda skaða slík brot jákvæða ímynd handknattleiksíþróttarinnar bæði gagnvart yngri iðkendum og almenningi.”

Það er mat dómara nefndar að með því að taka föstum tókum á fólkskubrotum í upphafi Íslandsmótanna hafi tekist að beisla vandamálið. Ef litið er á tölfræði yfir rauð spjöld seinustu tvö keppnistímabil má sjá að þeim fer fækkandi í öllum deildum.

Deild:	Allt tímabilið 2017-2018			M.v. 19.mars 2018-2019		
	Rauð spjöld:	Fj. leikja:	Meðaltal:	Rauð spjöld:	Fj. leikja:	Meðaltal:
Olís-deild karla	53	132	0,40	35	108	0,32
Olís-deild kvenna	14	84	0,17	0	76	0,00
Grill66-deild karla	27	90	0,30	21	75	0,28
Grill66-deild kvenna	7	72	0,10	6	100	0,06
Samtals:	101	378	0,27	62	359	0,17

Dómaranámskeið

Fjögur A-stigs námskeið og eitt B-stigs námskeið voru haldinn hjá félögunum í vetur, en þar sátu 115 manns dómaranámskeið. Námskeiðum hjá félögunum hefur fækkað á milli ára en þar má e.t.v. líka horfa í að þau hafa verið aldrei verið fleiri en sl. tvö ár. Fyrirlesari á námskeiðum í vetur eins og undanfarin ár var Bóas Börkur Bóasson og kunnum við honum bestu þakkir fyrir hjálpinu.

Fjórir nýir C-stigs deildardómarar voru útskrifaðir í ár; Alfreð Örn Finnsson, Hekla Daðadóttir, Leó Snær Róbertsson og Ólafur Víður Ólafsson. Fyrstu verkefni nýrra dómara hafa verið í 2. deild karla og Grill66 deildunum, auk bikarkeppni yngri flokka og hefur nýjum dómurum farnast vel í starfi í vetur.

Enn er mikill skortur á dómurum með C-réttindi og er það von okkar að félögin aðstoði við fjölgun í þeirra hópi á næstu misserum. Það er mikilvægt að félögin ali upp dómara, alveg eins og þau ala upp leikmenn og þjálfara. Þá er rétt að benda á að leikmenn sem hættir eru að spila eiga yfirleitt auðvelt með að ná tökum á dómgæslu, þeir þekkja leikinn af eigin raun og þurfa því styttri tíma til að ná árangri í nýju hlutverki. Dómaranefnd skorar á félögin að líta í kringum sig og fá þá hugsanlega fyrrverandi leikmenn eða þjálfara til að leggja fyrir sig nýjan feril á handboltavellinum.

Ritarar og tímaverðir

Haldin voru þrjú námskeið í Reykjavík og eitt á Akureyri. Mikilvægi ritara og tímavarða er alltaf að verða meira og starfið viðameira. Félögin verða að sjá til þess að á öllum leikjum í meistaraflokki séu aðeins þeir sem setið hafa námskeið og lokið prófi. Námskeið fyrir ritara og tímaverði veita réttindi í 2 ár en þá verður að endurnýja réttindin. Þess ber einnig að geta að dómarar sem hafa B- eða C- stigs réttindi mega einnig starfa á ritaraborði í leikjum í meistaraflokki. Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda frá hverju félagi sem hefur sótt námskeið fyrir ritara og tímaverði undanfarin 2 ár.

Mæting á námskeið tímav. og ritara		
Félag:	2017-2018	2018-2019
Afturelding	2	4
Akureyri	0	4
FH	7	5
Fjölnir	2	2
Fram	7	9
Fylkir	6	7
Gróttu	0	2
Haukar	2	0
HK	1	9
ÍBV	4	0
ÍR	7	7
KA	0	4
Selfoss	1	0
Stjarnan	2	4
Valur	3	7
Vikingur	12	5
Þróttur	1	0
Samtals:	57	69

Fundur yfirmanna dómaramála á Norðurlöndunum

Árlegur fundur dómaranefnda Norðurlöndunum var haldinn í Kaupmannahöfn í mars 2019 og sóttu Reynir Stefánsson og Guðjón L. Sigurðsson fundinn fyrir hönd Íslands. Rætt var um túlkun leikreglna og stöðu Norðurlandanna í alþjóðlegu samstarfi. Mikil fjölgun leikja með fjölgun liða í Evrópukeppnum veldur miklum áhyggjum því frá og með 2020/2021 verður spilað í miðri viku og má því búast við að bestu þör hvers lands verði töluvert meira fjarverandi í verkefnum erlendis heldur en áður sem mun bitna á deildum landanna. Einnig voru ræddar áhyggjur sambandanna af nýliðun dómara í

handknattleik. Þá var líka rætt um hvort og hvenær rétt væri að fá dómara sem atvinnumenn en víða á Norðurlöndunum eru félagsliðin með hreina atvinnumenn í handknattleik en dómarar eru aðeins áhugamenn. Fyrir þessu er skilningur og munu einhver Norðurlandanna skoða þetta fyrirkomulag á næstu árum.

Alþjóðlegir dómarar og eftirlitsmenn

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur líkt og síðustu ár þar sem þeim hefur verið úthlutað mjög góðum verkefnum.

Því miður á Ísland er nú bara einn IHF dómari en mikinn tíma og pening kostar að ferðast erlendis í frítíma sínum til að sinna þessu áhugamáli líkt og segir hér að ofan. Til að auka gæði dómgæslu hér heima er gríðarlega mikilvægt að dómarar fái viðunandi verkefni á erlendri grundu til að auka þekkingu sína og hæfni.

Alþjóðlegir dómarar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson	EHF	Bjarki Bóasson	EHF
Jónas Elíasson	EHF	canditade	
Sigurður H. Þrastarson	EHF	Gunnar Óli Gústafsson	EHF
Svavar Ó. Pétursson	EHF/IHF	canditade	
		Árni Snær Magnússon	EHF (YRP)
		Þorvar Bjarmi Harðarson	EHF (YRP)*

*Young referee project

Alþjóðlegir eftirlitsmenn HSÍ:

Guðjón L. Sigurðsson	EHF
Kristján Halldórsson	EHF
Ólafur Örn Haraldsson	EHF

Dómgæsla í yngri flokkum

Dómaranefnd fékk á sitt borð sitt nokkur mál sem tengdust yngri flokkum og dómgæslu í leikjum. Félög hafa verið uppvis að því að útvega aðeins einn dómara í 3. & 4. fl. og stundum bara einn starfsmann á ritara og tímavarðarborð. Þá hafa einnig komið kvartanir vegna dómgæslu á fjölíða-mótum. Dómaranefnd skorar á félögin að viðhalda og stuðla að góðri dómgæslu á þessum mótum. Dæmi er um fjölíðamót þar sem fjórir leikmenn hlutu beinbrot eftir leiki á fjölíðamóti. Þetta er ekki ásættanlegt og nauðsynlegt að félögin líti ekki á fjölíðamótið sem fjáröflun eingöngu heldur axli ábyrgð og útvegi dómara sem geta stuðlað að kennslu og leiðbeini ungum iðkendum í handbolta.

Framtíð dómara

Eftirfarandi bréf var sent á aðildarfélögin haustið 2018, áskorun á félögin að gera betur. Það er málefni félaganna að útvega dómara.

Dómaramál í boltaíþróttum á Íslandi eru alltaf í brennidepli og sitt sýnist hverjum. Að starfa sem dómari er ekki allra en það er sem betur fer til fólk sem hefur áhuga á að dæma handbolta, íþróttinni til heilla.

Það er skylda okkar sem stöndum í sjálfböðavinnu fyrir handboltahreyfinguna að standa vörð um íþróttina. Við skulum muna að það fer enginn leikur fram án dómara, það tekur tíma og æfingu að verða góður dómari líkt og það tekur tíma að verða góður leikmaður. Það verður því enginn góður dómari yfir nótt. Því er mikilvægt að forystumenn, þjálfarar og leikmenn beri virðingu fyrir störfum dómara og hvetji þá til dáða líkt og aðra íþróttamenn.

Það er ábyrgð félaga að útvega dómara, ritara og tímaverði í efstu deildum í handknattleik. Það hefur ekki verið spennandi að dæma, hvort sem það er í yngri flokkum eða í meistaraflokkum en saman verðum við að gera það starf áhugaverðara. Það er okkar skylda að fjölga starfandi dómurum og hefur það sennilega sjaldan verið mikilvægara en nú. En til þess þarf samstillt átak okkar allra sem störfum fyrir handknattleikshreyfinguna og mun það eflaust bæta gæði í dómgæslu hér á landi til lengri tíma. Ekki er langt í að það stefni í óefni ef ekkert verður að gert, litlu mátti muna síðasta vetur að leikir í efstu deildum færu ekki fram því erfitt var að manna leiki í Olís deild karla og kvenna.

Ég skora á öll félög að gera átak í dómaramálum og sýna ábyrgð í því að fjölga starfandi dómurum. Námskeið fyrir A- og B-stigs dómara þanta félögin hjá HSÍ en C-stigs efni mæta á fundi deildardómara á haustin og eru síðan teknir út í starfi. Það er á ábyrgð aðildarfélaganna að fjölga dómurum, virkja fyrrum leikmenn, foreldra, þjálfara eða aðra þá sem gætu starfað við dómgæslu. Ég hvet félögin til að taka dómaramál föstum tókum og sýna ábyrgð á næstu misserum.

Það er ekki auðvelt að starfa sem dómari, því fylgir áreiti í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Dómarar svara ekki fyrir sig og er óheimilt að tjá sig varðandi dómaramál hvort sem er í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum. Það er því ákaflega sorglegt að sjá nokkra fjölmiðlamenn úthúða dómurum á þann hátt að það jaðrar við einelti. Ég skora á hreyfinguna, fjölmiðla og áhrifamenn í hreyfingunni að sleppa því að tjá sig um dómara og sérstaklega þar sem farið er í manninn en ekki málefnið. Öll erum við mannleg og gerum mistök og það er ekki eftirsóknarvert að starfa við dómgæslu, en án dómara verður enginn leikur.

Fjöldi deildadómara og sektir

Eins og undanfarin ár þurfa félögin að útvega tvo dómara fyrir hvert meistaraflokkslið sem skráð er í Íslandsmót (að U liðum undanskildum). Á meðfylgjandi töflu má sjá hversu marga dómara hvert félag á að útvega og hversu margir starfandi dómarar koma frá hverju félagi. Aðeins þrjú félög ná tilskildum fjölda dómara sem er miður. Áætla má að sektir til félaganna verði rúmar 3 milljónir vegna dómaramála í meistaraflokki. Eins og hefur komið fram annarsstaðar er þörf að gera bragarbót í þessum málum ekki síðar en strax.

Deildardómarar eftir félögum

	Eiga að útvega:	Hafa tilnefnt:
Félag:		
Afturelding	4	1
Akureyri	2	2
FH	4	3
Fjölnir	4	3
Fram	4	5
Fylkir	2	0
Gróttta	4	1
Haukar	4	4
HK	4	3
ÍBV	4	2
ÍR	4	3
KA	4	1
Selfoss	4	3
Stjarnan	4	0
Valur	4	2
Víkingur	4	0
Próttur	2	0
Félög utan deilda	0	3
Samtals:	62	36

Dómaranefnd 2018-2019

Reynir Stefánsson, formaður

Gísli Hlynur Jóhannsson

Kristín Aðalsteinsdóttir

Valgeir Egill Ómarsson

Kristján Gaukur Kristjánsson

Dómarar og eftirlitsmenn

Starfandi deildardómarar HSÍ:

Alfreð Örn Finnsson - Ólafur Víðir Ólafsson

Anton Gylfi Pálsson - Jónas Elíasson

Arnór Jón Sigurðsson - Patrick M. Rittmüller

Árni Snær Magnússon - Þorvar Bjarmi Harðarson

Bjarki Bóasson - Gunnar Óli Gústafsson

Bjarni Viggósson - Jón Karl Björnsson

Bóas Børkur Bóasson - Hörður Aðalsteinsson

Daníel Ingi Þórisson - Guðbjörn Ólafsson

Ellen Karlsdóttir - Hekla Daðadóttir

Erik Snær Elefsen - Ricardo Xavier

Eyþór Jónsson - Leó Snær Róbertsson

Hilmar Ingi Jónsson - Magnús Ólafur Björnsson

Ingvar Guðjónsson - Magnús Kári Jónsson

Jóhann Gunnar Jóhannsson - Sævar Árnason

Matthías Leifsson - Örn Arnarson

Ramunas Mikalonis - Þorleifur Árni Björnsson

Sigurður Hjörtur Þrastarson - Svavar Ó. Pétursson

Sigurgeir M. Sigurgeirsson - Ægir Örn Sigurgeirsson

Eftirlitsmenn HSÍ:

Einar Sveinsson

Gísli H. Jóhannsson

Guðjón L. Sigurðsson

Hlynur Leifsson

Kristján Halldórsson

Kristján Gaukur Kristjánsson

Kristín Aðalsteinsdóttir

Ólafur Örn Haraldsson

Reynir Stefánsson

Sindri Ólafsson

Valgeir Egill Ómarsson

Fyrir hönd dómaranefndar HSÍ,

Reynir Stefánsson

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Nefndina skipuðu Þorgeir Haraldsson (formaður), Erlingur Richardsson og Elís Þór Rafnsson.

Þjálfaramenntun

Fræðslunefnd stendur fyrir EHF Mastercoach námskeiði sem hófst í byrjun mars sl. EHF Mastercoach er æðsta gráða þjálfaramenntunar í handbolta í Evrópu og er þetta í fyrsta skipti sem námskeiðið er haldið hér á landi. Íslenskir þjálfarar sem hafa lokið Mastercoach koma að kennslu á námskeiðinu ásamt fyrirlesurum frá EHF, þá hefur HSÍ gert samkomulag við Háskólann í Reykjavík um kennslu í íþróttatengdum fræðum; líffærafræði, íþróttameiðslum, líffræði, sálfræði, stjórnun, íþróttafélagsfræði og almennri kennsluþjálfun. Sá hluti námskeiðsins verður kenndur í fjarnámi. Meðal fyrirlesara á fyrsta hluti námskeiðsins voru Guðmundur Guðmundsson, Dagur Sigurðsson, Aron Kristjánsson, Fannar Karvel og Elís Þór Rafnsson. 24 þjálfarar eru skráðir í námið.

Illa hefur gengið að koma á þjálfaranámskeiðum á 1., 2. og 3. stigi og fóru seinustu námskeið fram í janúar 2018. Á þau námskeið sem auglýst hafa verið síðan þá hefur ekki verið næg skráning til að réttlæta að halda námskeiðin. Til að bregðast við þessu er nú unnið að því að koma þjálfaranámi HSÍ í fjarnám, hófst sú vinna nú á vormánuðum og standa vonir til að hægt að keyra fyrstu námskeiðin í fjarnámi næsta haust.

Afreksmaður framtíðarinnar

Fyrirlestraröð HSÍ og HR var eins og á seinasta ári haldin tvisvar fyrir yngri landsliðsmenn, fyrst í lok september og þá í byrjun janúar. Sem fyrr hefur framtakið hefur mælst vel fyrir og vakið eftirtekt. Meðal fyrirlesara í ár voru Viðar Halldórsson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Elís Þór Rafnsson, Fannar Karvel og Agnes Þóra Árnadóttir.

Annað

Til stendur að koma stað súpufundum á nýjan leik þar sem fólki úr íþróttahreyfingunni gefst kostur á að hlusta á afreksmenn úr handboltaheiminum fara yfir ferilinn og segja nokkrar reynslusögur. Það er von nefndarinnar að handboltasamfélagið njóti góðs af þessum fundum og reynslu okkar besta fólks nýtist þannig enn betur.

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Nefndina skipuðu Sverrir Pálmason (formaður), Arnar Kormákur Friðriksson, Arnar Sæþórsson og Vala Valtýsdóttir (varamaður).

Á starfsárinu fram til 27. mars hélt aganefnd 27 bókaða fundi og tók fyrir mál sem henni voru send, öll mál voru afgreidd. Auk þess hittist nefndin reglulega yfir veturinn til að fara starfið. Alfreð Örn Finnsson var aganefnd innan handar á skrifstofu HSÍ og er honum þakkað fyrir gott samstarf.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu (blátt spjald), sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Á meðfylgjandi töflu má sjá eðli þeirra mála sem aganefnd fjallaði um, brot vegna 8.6/8.10 varða við leikbann. Taflan er miðuð við stöðuna 27. mars.

Fjöldi mála í aganefnd 2018-2019		
Flokkar:	8.5/8.9	8.6/8.10
Meistaraflokkar	63	23
Yngri flokkar	10	6
Samtals	73	29

Aganefnd heldur einnig utan um fjölda rauðra spjalda og vill minna á stighækkandi áhrif vegna útilokana skv. 11. grein reglugerðar HSÍ um agamál.

Nefndin heldur málaskrá vegna allra agamála sem koma upp, m.a. til að auðvelda uppflettingar og halda samræmi á milli mála. Myndbönd hafa einnig hjálpað aganefnd við úrskurð mála í vetur.

Sverrir Pálmason,
Formaður.

10. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

Þingforseti kallaði Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóra HSÍ, upp í pontu til að leggja fram reikninga HSÍ þar sem Arnar Þorkelsson, gjaldkeri HSÍ, var erlendis.

Róbert byrjaði á að skila kveðjum frá Arnari. Líkt og Arnar gerði í fyrra las Róbert ekki upp ársreikninginn í heild sinni heldur renndi yfir samanburðartölur milli ára og kynnti aðeins innsýn inn í rekstur HSÍ. Veruleg aukning var í rekstrartekjum á milli ára. Róbert vakti athygli á því að HSÍ breytti bókhaldsaðferðum milli áranna 2016 og 2017 þar sem fært væri meira brúttó bókhald en hefði verið gert áður. Róbert sagði að það sem helst skýri aukinn mun í rekstrargjöldum og rekstrartekjum væri endurgreiddur ferðakostnaður, bæði fyrir yngri landsliðin og frá erlendum landsliðum, sem væri nú færður inn í bókhaldið. Rekstrarhagnaður á árinu fyrir fjármagnstekjur voru 9,7 milljónir og hagnaður ársins tæpar 7,5 milljónir. Mikill viðsnúningur var í rekstri á milli ára. Róbert sagði það gríðarlegt ánægjuefni að sambandið hefði náð að snúa þessari þróun við sem hafði átt sér stað en eins og kom fram í fyrra var HSÍ með rosalega mikið uppsafnað tap sem tekið var á fyrir ári síðan.

Skipting á rekstrartekjum ársins 2018 var þannig; styrkir ÍSÍ og Lottó voru 32% af tekjum HSÍ, aðrir styrktaraðilar voru um 35%, tekjur af landsleikjum voru 11%, mótahald 8% og aðrar tekjur voru 18%. Þar undir falla endurgreiðslur frá landsliðskrökkunum og erlendu landsliðunum. Á samanburði síðustu fjögurra ára mátti sjá að styrkir ÍSÍ, þar af aðallega afrekssjóður, höfðu hækkað talsvert á milli ára. Róbert sagði að það væri mikið ánægjuefni og hafi hjálpað gríðarlega í rekstri HSÍ. Þá hafi eins tekist mjög vel að endurnýja styrktarsamninga og afla nýrra sem kom fram í töluverðri aukningu á milli ára í tekjum frá styrktaraðilum. Tekjur af landsleikjum héldust nokkurn veginn í hendur sem og mótahaldið og aðrar tekjur hækkuðu. Þar bar mest á endurgreiddum ferðakostnaði, bæði erlendra landsliða og unglingalandsliða Íslands.

Rekstrargjöldin skiptust þannig; kostnaður landsliðana var um það bil 50% af rekstri HSÍ, laun og launatengd gjöld voru um 25%, verktakagreiðslur voru 13%, skrifstofan og stjórnunarkostnaður var óverulegur sem og annar rekstrakostnaður og beinn kostnaður mótahalds var tæp 10%. Þess má geta að undir verktakagreiðslur falla allir landsliðsþjálfararnir. Kostnaður við landsliðin var í jafnvægi milli áranna 2018 og 2019. Þó vakti Róbert athygli á því að veruleg aukning var í kostnaði kvennalandsliðsins, eða um það bil 15 milljónir, þar sem bætt var í starfið þar. Á móti minnkuðu umsvif karlalandsliðsins aðeins sem stafaði aðallega af því að liðið datt snemma úr keppni á EM í Króatíu og það mót var því ódýrara en reiknað hafði verið með. Laun og launatengd gjöld hækkuðu á milli ára og megin skýringin á því er fjölgun starfsfólks á skrifstofu. Stöðugildunum var fjölgað frá byrjun árs 2017 úr 4 í 5,5. Verktakagreiðslur héldust í hendur sem og annar rekstrakostnaður og mótakostnaður lækkaði á milli ára.

Róbert fór yfir nokkra punkta sem skipta máli í rekstrinum. Afreksstarf HSÍ hefur verið aukið. Ísland átti alls fimm landslið í lokakeppnum síðasta sumar og stefnir í sex lokamót sumarið 2019, þar sem öll yngri landsliðin fara á lokamót. Hlutfall A landsliðs kvenna í kostnaði hækkaði um tæp 10% sem er gríðarlega jákvætt, að sambandið hafi náð að efla það starf verulega. Nú fjármagnsgjöld lækkuðu um 900 þúsund á milli ára, sem er virkilega jákvætt. Mótatekjur HSÍ voru 2,5 milljónum lægri en mótakostnaður ársins og ef tekið er tillit til starfsmannakostnaðar og styrktarsamninga þá greiddi HSÍ eða lagði til u.þ.b. 9 milljónir inn í mótahaldið. Það er að segja mótatekjur sambandsins stóðu ekki undir mótakostnaði. HSÍ vildi vekja athygli félaganna á því.

Róbert fór ekki ítarlega yfir efnahagsreikninginn en tók það fram að reksturinn væri ennþá erfiður og gæta þurfi áfram gríðarlegs aðhalds í rekstri. Staðan hafi vissulega batnað á milli ára en hvergi mætti slaka á. Viðskiptakröfur HSÍ hækkuðu um 5,2 milljónir á milli ára og stóðu í 14,6 milljónum í árslok

2018. Félögin stóðu sig virkilega vel í uppgjöri við HSÍ og ekkert félag skuldaði yfir 1 milljón um áramót. Viðskiptakröfur á félögin voru 4,3 milljónir um áramótin sem stafaði aðallega af dómarasektum sem voru bókfærðar á félögin í lok árs. Heildarstaðan þegar ársþingið fór fram var að félögin skulduðu HSÍ innan við milljón, sem eru virkilega jákvæð tíðindi og Róbert telur að þau séu nánast söguleg. Aðrar útistandandi kröfur um áramót voru 10,3 milljónir sem stafaði af því að HSÍ var með landsleiki við Bahrein í lok árs 2018 og viðskiptaskuldir lækkuðu um 12,5 milljónir á milli ára sem er gríðarlega jákvætt. Aðrar skammtímaskuldir hækkuðu um 12 milljónir sem var að mestu leyti hækkun vegna fyrirfram innheimtra tekna en það stafaði af auknum kostnaði sem sambandið var byrjað að leggja út fyrir vegna þátttöku Íslands á HM í Þýskalandi. Afrekssjóður hjálpaði þar til.

Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur

2018

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
kt. 590169-4049

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2018 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða sambandið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlagi og faglega hæfni og varkæmi.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 1. apríl 2019

Fjárstoð ehf.

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning 2018 sem áritaður er af Fjárstoð ehf. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar.

Við könnunina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 1. apríl 2019


Magnús Gunnar Erlendsson


Theódór Ingi Pálmarsson

Skýrsla stjórnar

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

Stöðugildi á skrifstofu HSÍ voru 5,5 í árslok 2018 en voru 4 í byrjun árs 2017.

Ársreikningur HSÍ fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður HSÍ á árinu 2018 nam kr. 7.497.108. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 23.845.802 og bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 33.913.644

Að álitu stjórnar og framkvæmdastjóra HSÍ koma fram í árs hlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri HSÍ staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 1. apríl 2019

Í stjórn


Arnar Þorhjelsson
Mammús Karl Daníelsson
Reynir Skaf
Guðrún Guðjónsdóttir
þinga hlýja hárudótti

Framkvæmdastjóri

Robert Geir Gíslason

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Styrkir ÍSÍ og Lottó		83.593.417	65.791.672
Aðrir styrkaðilar		93.964.563	82.268.287
Tekjur af landsleikjum		28.129.666	29.076.364
Íslandsmót		20.946.514	18.598.636
Aðrar tekjur		48.223.031	25.546.304
		<u>274.857.191</u>	<u>221.281.263</u>
Kostnaður landsliða		(129.661.992)	(128.764.597)
Laun og launatengd gjöld	3	(61.094.967)	(47.632.663)
Verktakagreiðslur		(33.632.429)	(34.523.493)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(8.672.470)	(8.489.084)
Annar rekstrarkostnaður		(8.619.414)	(11.532.227)
Mótakostnaður		(23.465.170)	(25.714.389)
		<u>(265.146.442)</u>	<u>(256.656.453)</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta		9.710.749	(35.375.190)
Fjármunatekjur		185.951	143.028
Fjármagnsgjöld		(2.117.864)	(2.990.995)
Gengismunur		(281.728)	(529.041)
	4	<u>(2.213.641)</u>	<u>(3.377.008)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>7.497.108</u>	<u>(38.752.198)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	1.977.271	3.803.099
		<u>1.977.271</u>	<u>3.803.099</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	14.598.404	9.429.856
Aðrar skammtímakröfur	6	6.639.806	5.385.304
Handbært fé	6	630.321	58.331
		<u>21.868.531</u>	<u>14.873.491</u>
Eignir		<u>23.845.802</u>	<u>18.676.590</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap	7	(33.913.644)	(41.410.752)
Eigið fé, (neikvætt)		<u>(33.913.644)</u>	<u>(41.410.752)</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	8	29.563.515	42.115.833
Skuldir við lánastofnanir		12.734.537	14.451.853
Aðrar skammtímaskuldir	8	15.461.394	3.519.656
		<u>57.759.446</u>	<u>60.087.342</u>
Skuldir		<u>57.759.446</u>	<u>60.087.342</u>
Eigið fé og skuldir		<u>23.845.802</u>	<u>18.676.590</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-táp) fyrir skatta		9.710.749	(35.375.190)
Afskriftir		1.825.828	2.555.204
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		11.536.577	(32.819.986)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(6.423.050)	24.310.319
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(610.580)	8.743.029
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		4.502.947	233.362
Innborgaðir vextir		185.951	143.028
Greiddir vextir		(2.399.592)	(3.520.036)
Handbært fé frá (til) rekstrar		2.289.306	(3.143.646)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir		(1.717.316)	3.177.034
		(1.717.316)	3.177.034
Hækkun handbærs fjár		571.990	33.388
Handbært fé í upphafi árs		58.331	24.943
Handbært fé í lok árs		630.321	58.331
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá (til) rekstrar		9.322.936	(36.196.994)

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Enginn bað um orðið.

Reikningar voru lagðir undir atkvæði.

Framlagðir reikningar voru samþykktir samhljóða.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár

Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri HSÍ, sté aftur í pontu til að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Fjárhagsáætlun lá fyrir í þinggögnunum og Róbert vænti þess að henni yrði vísað til fjárhagsnefndar. Áætlað er að rekstrartekjur verði 281 milljón á árinu 2019 og rekstrargjöld 275 milljónir. Hagnaður reiknast þá upp á 6,1 milljón. Róbert lagði til að farið yrði yfir fjárhagsáætlunina í fjárhagsnefnd og í þingstörfum eftir nefndarstörf.

Þingforseti lagði til að fjárhagsáætlun yrði vísað til fjárhagsnefndar. Engin hreyfði við mótmælum.

Fjárhagsáætlun var vísað til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2019

	Skýr.	2019 Áætlun	2018 Rauntölur	2018 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	92.900.000	83.593.417	79.350.000
Aðrir styrktaraðilar	2	106.000.000	93.964.563	96.400.000
Tekjur af landsleikum	3	21.500.000	28.129.666	27.300.000
Íslandsmót	4	18.000.000	20.946.514	18.415.000
Aðrar tekjur	5	43.200.000	48.223.031	33.621.000
Rekstrartekjur alls		281.600.000	274.857.191	255.086.000
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	97.306.975	94.727.396	83.482.500
Kostnaður v. Landsliða	7	134.134.000	129.661.992	128.579.000
Kostnaður v. Mótahalds	8	23.500.000	23.465.170	22.500.000
Rekstur skrifstofu	9	11.565.000	8.672.470	8.650.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	10	5.500.000	3.195.116	2.000.000
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	11	1.000.000	1.460.534	1.100.000
Annar kostnaður	12	1.000.000	2.137.936	1.400.000
Afskriftir	13	1.455.000	1.825.828	1.825.000
Rekstrargjöld samtals		275.460.975	265.146.442	249.536.500
 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		 6.139.025	 9.710.749	 5.549.500
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	14	150.000	185.951	150.000
Vaxtagjöld	14	-1.000.000	-1.234.004	-1.500.000
Dráttarvextir	14	-500.000	-883.860	-500.000
Gengismunur	14	0	-281.728	0
		-1.350.000	-2.213.641	-1.850.000
 Hagnaður (tap) tímabilsins		 4.789.025	 7.497.108	 3.699.500

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Þingforseti bauð Davíð B. Gíslason upp í pontu til að gera grein fyrir tillögum um breytingar á lögum.



62. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

6. apríl 2019

Þingskjal nr: 4

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

6. gr. Aðrar skyldur

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga, **siðareglna** og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

17. gr. Starfssvið stjórnar HSÍ

...

Stjórn HSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum HSÍ skulu fara eftir þeim lögum, **siðareglum** og reglugerðum HSÍ sem gilda á hverjum tíma.

19. gr. Fastanefndir

...

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar HSÍ samkvæmt lögum, **siðareglum** og reglugerðum sambandsins. Stjórn HSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

49. gr. Framkvæmdastjóri HSÍ

...

Framkvæmdastjóri HSÍ getur vísað brotum aðila á lögum HSÍ, **siðareglum HSÍ**, reglugerðum HSÍ og leikreglum til aganefndar HSÍ til úrskurðar.

Greinargerð

HSÍ hefur unnið að endurbættum á siðareglum sambandsins og með þessari lagabreytingartillögu er verið að setja skýrari tengingar í lögum HSÍ við siðareglur HSÍ og skyldu allra aðila innan hreyfingarinnar að lúta þeim reglum.



**62. ársþing HSI haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 5

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

20. gr. Aganefnd

...

Heimilt er að skjóta til dómstóls HSI úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000 **eða ef úrskurður felur í sér endurtekt á leik eða breytingum á úrslitum leikja**. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynnt úrskurður aganefndar.

...

Aganefnd hefur heimild til að beita viðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum. Viðurlögin geta verið leikbönn, tímabundið bann, áminning, **svipting réttar til þess að gegna starfi innan handknattleikshreyfingarinnar**, ávítur og sektir.

Greinargerð

Stjórn HSI gerði breytingar á reglugerð um agamál er varðar veðmál. Þar var sett inn bann við veðmálum og er vísað til þeirra breytinga sem þegar hefur verið kynnt félögunum. Viðurlög við brotum á þessu banni geta í verstu tilfellum falið í sér breytingu eða endurtekt leikja og nauðsynlegt er að slík niðurstaða aganefndar geti verið endurskoðuð af dómstólum HSI líkt og lengstu bönnin og hæstu sektirnar.

Á sama hátt hefur í sömu reglugerð verið bætt við heimild hjá aganefnd til að svipta aðila réttinda til að starfa innan hreyfingar en það er í samræmi við tæk viðurlög dómstóls HSI skv. lögum HSI. Því er rétt að þessi breyting sé einnig gerð í umfjöllun laganna um aganefnd og hennar störf.



**62. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 6

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

28. gr. Læknanefnd

Læknanefnd skal skipuleggja og tryggja starfsemi **fagteymis HSÍ svo sem** lækna og sjúkraþjálfara með landsliðum HSÍ.

Greinargerð

Í samræmi við kröfur afrekssjóðs ÍSÍ og í samræmi við afreksstefnu HSÍ hefur öll fagleg vinna aukist til muna á síðustu árum. Þessi breyting er gerð þar sem þetta orðalag nær betur utan um það starfs sem unnið er á vegum læknanefndar og skrifstofu HSÍ í afreksvinnu sambandsins.



**62. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 7

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

45. gr. Dómsniðurstöður.

Dómstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

1. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
2. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til HSÍ
3. ákveðið sektir á aðildarfélög
4. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

Þær refsingar sem dómstólar HSÍ geta beitt eru:

1. áminning
2. vítur
3. svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan handknattleikshreyfingarinnar
4. óhlutgengisúrskurður sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan handknattleikshreyfingarinnar um stundarsakir eða ævilangt
5. aðrar refsingar er lög eða reglur HSÍ tiltaka

Niðurstöður dómstóla HSÍ sem fela í sér óhlutgengisúrskurð skal skotið til dómstóls ÍSÍ í samræmi við 38. gr. laga ÍSÍ.

Greinargerð

Í lögum ÍSÍ er það gert að skilyrði að allir óhlutgengisúrskurðir, sem falla hjá sérsamböndum eða öðrum innan hreyfingarinnar, skuli skotið til dómstóls ÍSÍ. Rétt þykir að hafa um þetta skýrt ákvæði þar sem að í öllum öðrum tilfellum tæmast kæruleiðir innan dómstóla HSÍ og niðurstöður þeirra því endanlegar.



**62. ársþing HSI haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 8

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

53. gr. Félagaskipti

...

Stjórn HSI er í algerum undantekningartilfellum heimilt að samþykkja félagsskipti utan þessa tímabila.

Greinargerð

Upp geta komið sérstök atvik eða kringumstæður aðila sem kalla á sérstaka skoðun mála. Aðalreglan er skýr og er hér gert ráð fyrir að í algerum undantekningartilfellum geti stjórn vikið frá aðalreglunni í algerum neyðartilfellum. Slík heimild er ekki fyrir hendi nú en gert er ráð fyrir að stjórn beiti þessari heimild á afar varfærinn hátt.



**62. ársþing HSI haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 9

Tillaga um siðareglur HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

Siðareglur HSI

Siðareglur þessar eiga við um alla aðila innan HSI og aðildarfélaga og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af handknattleikshreyfingunni.

A. Almenn

1. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, innan vallar sem utan, og sýndu háttvísi og heilindi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Sýndu jákvæða hegðun, heiðarleika og framkomu í garð allra þátttakenda og stuðlaðu að slíku í fari annarra. Sýndu aldrei og spornaðu gegn óíþróttamannslegri, ógnandi og/eða niðurlægjandi hegðun.
3. Sýndu öllum þátttendum leiksins virðingu hvort sem um er að ræða andstæðingum, dómurum, starfsmönnum, meðspilurum, áhorfendum eða öðrum sem þátt taka í handknattleik.
4. Ekki er heimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi.
5. Óheimilt er öllum að misnota valdastöðu sína eða hvers konar yfirburði sem viðkomandi kann að hafa yfir öðrum.
6. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kyn, kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins. Allri mismunun er hafnað.
7. Hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti, ofbeldi eða annarri vanvirðandi framkomu er hafnað.
8. Öllum sem taka þátt í leikjum á vegum HSI er óheimilt að taka þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti eða þess háttar vegna leikja eða atvika í þeim leikjum á vegum HSI með beinum eða óbeinum hætti. Þetta á við um leikmenn, dómara, starfsmenn félaga og HSI, stjórnarmenn félaga og HSI eða aðila þeim tengdum.

Jafnframt er öllum þessum aðilum bannað að veita öðrum upplýsingar, sem ekki eru opinberar, í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál.

9. Óheimilt er að neyta ólöglegra lyfja eða efna sem bönnuð eru skv. alþjóðareglum.

B. Stjórnarmenn, starfsfólk, þjálfarar og aðrir sem koma fram fyrir hönd HSÍ.

1. Standa vörð um gildi, hagsmuni og markmið HSÍ.
2. Taka ábyrgð sína gagnvart HSÍ, ÍSÍ, alþjóðasamtökum og aðildarfélögum alvarlega.
3. Leggja áherslu á lýðræðislega og gegnsæja ákvarðanatöku og vinnubrögð. Leggja sig fram um að virkja sem flesta til starfa fyrir hreyfinguna og halda félagsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum vel upplýstum um framgang þeirra verkefna sem unnið er að.
4. Stuðla að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í starfsemi HSÍ.
5. Leysa úr ágreiningi á sanngjarnan og málefnalegan hátt og til samræmis við reglur og venjur HSÍ.
6. Nota aldrei aðstöðu sína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað HSÍ eða aðildarfélaga.
7. Gæta trúnaðar og þagmælsku en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
8. Vinna með öðrum aðilum innan HSÍ að því markmiði að bæta árangur, stuðla að framförum og auka veg íþróttarinnar í heild.

Samþykkt af ársþingi HSÍ 2019

Greinargerð

Á síðasta ári var sett á laggirnar starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins til að koma með tillögur að aðgerðum, breyttum vinnuaðferðum og viðbrögðum í ljósi frásagna um kynferðislega áreitni og ofbeldishegðun innan íþróttahreyfingarinnar og víðar. Í niðurstöðu starfshópsins, sem birt var síðastliðið haust, var lagt til að aðilar innan íþróttahreyfingarinnar myndu gefa út fræðslu- og upplýsingaefni til forvarna sem og að setja aðilum skýrari siðareglur. ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni sem hefur verið gert aðgengilegt af heimasíðu HSÍ og laganefnd HSÍ hefur á þessu tímabili unnið að endurskoðun siðareglna HSÍ og leikmannasamninga m.a. með þessar tillögur að leiðarljósi.

Á síðasta ári var gerð BS-rannsókn hjá sálfræðideild Háskóla Íslands sem hluti af lokaritgerð nemanda þar sem rannsakað var þátttaka handknattleiksfólks í veðmálum í handknattleik. Það sem kom fram þar er að ríflega þriðjungur þeirra sem taka þátt í veðmálum skv. rannsókninni hafa veðjað á leiki í eigin deild og hluti af þeim á eigin leiki. Í ljósi þessara upplýsinga og þess að veðmál virðast æ meira í íþróttumræðu og eru skv. alþjóðlegum aðilum ein mesta vát í íþróttum tengdum „matchfixing“ hefur laganefnd HSÍ lagt til að settar verða skýrar reglur um bann við veðmálum í siðareglum sem og í leikmannasamningum og reglugerðum HSÍ. Jafnframt hefur verið settar skýrar tengingar í lögum HSÍ við siðareglur HSÍ og skyldu allra aðila innan hreyfingarinnar að lúta þeim reglum.

Einnig hefur laganefnd HSÍ endurskoðað uppbyggingu siðareglanna og í stað þess að vera með skiptar reglur eftir leikmönnum, áhorfendum ofl þá er nú lagt til að reglurnar verði almennar annars vegar og hins vegar gagnvart aðilum sem koma fram fyrir hönd HSÍ sérstaklega.



**62. ársþing HSI haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 10

**Tillaga um leikmannasamning HSI
Flutningsaðili: Laganefnd HSI**

LEIKMANNASAMNINGUR HSI

☐ Áhugasamningur ☐ Atvinnusamningur ☐ Uppeldissamningur

(merkið við þar sem við á)

Félagið _____ kt. _____ - _____, hér eftir nefnt félag,

og leikmaðurinn _____ kt. _____ - _____,

hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi leikmannasamning.

Samningur þessi gildir frá _____ til _____.

1. Skyldur leikmanns:

- a) Leikmaður skuldbindur sig til að æfa og leika handknattleik með félagi sínu á samningstímanum samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins eða fulltrúa þess (þjálfara) og taka þátt í sameiginlegum verkefnum leikmanna félagsins í samráði við stjórn. Leikmaður skuldbindur sig til þess að nýta alla sína íþróttagetu á hverjum tíma í þágu liðsins og hjálpa þannig liðinu að ná sínum markmiðum og viðhalda og bæta eigin getu. Öll forföll skal leikmaður tilkynna stjórn félagsins eða fulltrúa þess (þjálfara).
- b) Leikmaður skal fylgja í einu og öllu þeim reglum sem settar eru um undirbúning leikja og nota þann útbúnað sem félagið fer fram á að verði notaður. Leikmaður skal gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu félaginu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd félagsins og íþróttarinnar í heild. Leikmaður skal kynna sér siðareglur félagsins svo og siðareglur HSI og fara eftir þeim í allri sinni framkomu innan sem utan vallar.
- c) Leikmanni er óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samþykkis stjórnar félagsins. Félagið og HSI er heimilt án endurgjalds til leikmanns að nota myndir af leikmanni til auglýsingar á viðburðum félagsins og/eða HSI.
- d) Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfa eða sýna handknattleik á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í verkefnum á vegum HSI. Leikmanni, 17 ára og eldri, er ekki heimilt að æfa eða taka þátt í öðrum íþróttagreinum en handknattleik án sérstaks leyfis stjórnar félagsins.
- e) Leikmaður getur ekki gert frekari kröfur um greiðslur en fram koma í samningi þessum. Fyrir áhugasamning skulu greiðslur til leikmanns ekki vera hærri en sem nemur jafngildi kr. 250.000,- á hvoru keppnistímabili. Búnaður til æfinga og aðstaða til æfinga, hvort heldur er í íþróttasal eða lyftingaaðstaða, telst ekki til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu né árangurstengdir bónusar.
- f) Á samningstímanum má leikmaður eða umboðsmaður hans ekki ganga til samninga eða hafa samband sjálfur eða einhver fyrir þeirra hönd, við önnur íslensk félög eða umboðsmenn þeirra án samþykkis félagsins. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram á því ári sem samningurinn rennur út. Ef

leikmaður eða umboðsmaður félags fer í viðræður við erlent félag skulu aðilar tilkynna stjórn félagsins um þær fyrirfram.

- g) Leikmanni sem tekur þátt í leikjum á vegum HSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti eða þess háttar vegna leikja eða atvik í þeim leikjum á vegum HSÍ með beinum eða óbeinum hætti. Þetta á við um leikmenn, dómara, starfsmenn félaga og HSÍ, stjórnarmenn félaga og HSÍ eða aðila þeim tengdum. Jafnframt er öllum þessum aðilum bannað að veita öðrum upplýsingar, sem ekki eru opinberar, í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál.
- h) Leikmanni er ekki heimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi frá þriðja aðila sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi leikmanns.
- i) Leikmaður skal í einu og öllu fylgja þeim reglum sem gilda varðandi lyfjamisnotkun og bannaðar aðferðir í íþróttum, hér er m.a. átt við boðun í lyfjapróf, bannlista alþjóða lyfjaeftirlitsins og undanþágur frá honum. Leikmanni ber að kynna sér þær reglur sem gilda innan íþróttahreyfingarinnar varðandi ólöglega lyfjanotkun íþróttamanna. Leikmaður skal gæta varúðar við töku fæðubótarefna.

2. Skyldur félags

- a) Félagið skal leitast við að sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni.
- b) Félagið skal gæta þess að þjálfarar þess stundi starf sitt á þann hátt að það skili leikmönnum og félaginu sem mestum árangri.
- c) Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á þess vegum eða HSÍ, til hæfs lækni eða sjúkrapjálfa. Félagið skal greiða þann kostnað sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingarfélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni og sjúkrapjálfa, enda sé slík meðferð bein afleiðing meiðsla við æfingar eða keppni á vegum HSÍ. Með samningi þessum losar leikmaður lækna og sjúkrapjálfa félagsins undan trúnaðarskyldu hvað varðar ofangreind atriði hvað varðar félagið, stjórn þess og þjálfara. Leikmaður hefur heimild til að leita til annarra fagaðila en þeirra sem félagið bendir á en þá skal leikmaður greiða sjálfur fyrir þá þjónustu. Félagið skal sjá til þess að á leikjum meistaraflokks sé til taks læknir, hjúkrunarfræðingur eða sjúkrapjálfi.

3. Almenn ákvæði

- a) Aðilar samnings skulu miða við að leikmannasamningar gildi almennt frá 1. júlí og endi 30. júní.
- b) Engin tímatakmörk eru á atvinnusamningum. Þó er ekki heimilt að gera lengri atvinnusamning en til þriggja keppnistímabíla við leikmann sem er yngri en 18 ára. Áhugasamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabíla og uppeldissamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en eins keppnistímabíla.
- c) Báðir aðilar gangast við að virða og undirgangast lög, siðareglur og reglugerðir HSÍ í hvívetna. Ef ágreiningur kemur upp um túlkun eða gildi samningsins skal reyna að leysa ágreininginn innan félagsins. Ef slíkt dugar ekki er hægt að leita til HSÍ varðandi ágreining sem kemur með tillögu að niðurstöðu nema hvað varðar ágreining um greiðslur og annað sambærilegt og uppgjör slíkra mála en slík mál eiga undir dómstóla landsins. Ef samkomulag næst ekki úrskurðar HSÍ í deilumálum varðandi félagsskipti og önnur slík mál í samningum. Slíkum niðurstöðum má vísa til dómstóla HSÍ.
- d) Félagið og leikmaður vinna sameiginlega að því að berjast gegn hvers konar mismunun, varðandi kyn, kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins. Félagið og leikmaðurinn vinna einnig saman að koma í veg fyrir hvers konar kynferðislega eða kynbundna áreitni, einelti, ofbeldi eða aðra vanvirðandi framkomu.
- e) Ef annar hvor samningsaðili verður uppvís að því að brjóta ákvæði samnings þessa í mikilvægum atriðum, getur hinn aðilinn rift honum að undangenginni aðvörun, sbr. 9. gr. reglugerðar HSÍ um félagaskipti.

- f) Aðilar geta hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum. Upplýsingar um slíkt skulu strax sendar skrifstofu HSÍ.
- g) Varðandi önnur atriði er vísað í reglugerð HSÍ um félagaskipti. Eru ákvæði þeirrar reglugerðar skuldbindandi fyrir aðila samnings þessa og staðfesta aðilar það með undirskrift sinni. Breyti aðilar samningi þessum skulu slíkar breytingar tilkynntar með sama hætti og varðandi samning þennan og innan sömu tímamarka og um hann gilda.
- h) Uppeldis- og áhugasamningur takmarkar ekki möguleika félags á því að innheimta æfingagjöld vegna þátttöku slíks leikmanns í yngri flokkum félagsins.
- i) Verði leikmaður valinn í A- landslið Íslands er félagið skuldbundið til að kaupa sérstaka tryggingu til handa leikmann í samræmi við reglur EHF og IHF.
- j) Leikmannasamningur skal sendur skrifstofu HSÍ til skráningar og öðlast ekki gildi fyrr en við móttöku hans þar.

4. Annað (laun, hlunnindi og önnur ákvæði)

a) Launakjör:

b) Hlunnindi:

c) Önnur ákvæði:

d) Leikmaður með uppeldissamning má ekki fá beinar greiðslur fyrir að leika með viðkomandi félagi en heimilt er að greiða leikmönnum með uppeldissamning árangurstengda bónusa ef allir leikmenn njóta sömu tækifæra til slíkra bónusa.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða jafngildum eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Staður:

Dags.:

Staður:

Dags.:

Undirskrift leikmanns

Undirskrift félags

Staðfesting forráðamanns leikmanns

Kennitala

Móttekið af skrifstofu HSÍ

Staður:

Dags:

Undirskrift starfsmanns HSÍ



62. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

6. apríl 2019

Þingskjal nr: 11

Tillaga um afreksstefnu HSÍ

Flutningsaðili: Stjórn HSÍ

Afreksstefna HSÍ

Inngangur

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- d. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi.

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnsmál og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Almenn atriði

Handknattleikssamband Ísland rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki. Markmið landsliða Íslands er að komast á öll lokamót, hvort sem um ræðir Ólympíuleika, Evrópu- eða heimsmeistaramót auk þess að taka þátt í hluta þeirra æfingamóta sem eru í boði hverju sinni.

Æðsti draumur ungra handknattleiksiðkenda er að komast í landslið Íslands og því er mikilvægt að afreksstarfið sé sýnilegt, hvort sem er hjá yngri landsliðum eða A landsliðum. Ungir iðkendur þurfa að hafa fyrirmyndir og finna að landsliðsdraumurinn geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Afreksstarfinu er stýrt af stjórn HSÍ sem kosinn er á ársþingi. Stjórnin skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum þjálfara og annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við framkvæmdarstjóra. Skrifstofa HSÍ sér um daglegan rekstur landsliðanna, skipulag á æfingum, keppni og öðrum verkefnum.

Þessi stefna var unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ í samstarfi við aðra sem koma að starfi sambandsins, s.s. stjórnarmenn, nefndarmenn, þjálfurum landsliða og aðilum úr fagteymum. Stefnan er tekin fyrir af stjórn HSÍ árlega á síðasta fundi fyrir ársþing HSÍ, auk þess skal hún vera kynnt á síðasta formannafundi fyrir ársþing. Þá skal stefnan vera samþykkt á ársþingi sambandsins á hverju ári.

Afreksstefnan er í raun tímalaus og með möguleika á breytingum sem ársþingi HSÍ þarf að samþykkja.

Stjórn HSÍ og skrifstofa vinna að aðgerðaráætlun þar sem fram koma tímasett markmið fyrir afreksstefnu sambandsins ásamt leiðum að þeim markmiðum. Stefnt er að því að kynna aðgerðaráætlun á formannafundi veturinn 2019-2020 og leggja hana til samþykktar sem viðauka við afreksstefnu á ársþingi 2020.

Almenn þátttaka

Fjöldi iðkenda í handbolta hefur lítið breyst undanfarin ár. Fjölgun iðkenda eru mestu leyti háð góðu starfi innan félaganna en þó hefur HSÍ komið að þeim málum líka.

Helstu tækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar eru þegar A-landslið ná góðum árangri á stórmótum. Í kjölfarið hefur fjöldi barna mætt á æfingar og farið að stunda íþróttina.

Þegar rýnt er í iðkendatölur má sjá að handbolti á undir högg að sækja á landsbyggðinni og er nánast eingöngu stundaður í stærstu bæjarfélögum landsins. Stefna HSÍ er að kynna handbolta í minni bæjarfélögum, bjóða uppá opnar æfingar og halda stutt námskeið fyrir þjálfara og dómara. Í framhaldi verður komið á svæðisbundnum 7. og 8. flokks mótum til að ýta undir frekari þátttöku yngri iðkenda. Mikilvægt er að byggja grasrótina á þessum stöðum svo hægt verði að halda úti frekari starfi þar.

Þá er má einnig benda á að fækkun í kvennaflokkum á meðan karlaflokkar hafa frekar sótt í sig veðrið. Mikilvægt er að halda vel utan um kvennastarfið, búa til fyrirmyndir og gera tengingu iðkenda við landsliðið og íþróttina í heild sinni sterkari.

Stefna sambandsins er að fjölga iðkendum um 20% fyrir 2024 og mun fræðslu- og útbreiðslunefnd móta áætlun um frekari fjölgun iðkenda með sérstaka áherslu á fjölgun stúlkna innan greinarinnar.

HSÍ stendur fyrir Íslandsmóti fyrir 6. flokk og uppúr (frá 10 ára aldri). Mót eru einnig haldin fyrir 7. og 8. flokk (6 – 9 ára) en þar er ekki keppt um titla. Þess má geta að sérstök mót eru haldin fyrir 7. og 8. flokk á norðurlandi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að útbreiðslumálum og mótanefnd ásamt mótastjóra HSÍ vinna að mótamálum.

Dómarar

Markmið HSÍ er að nægt framboð sé af dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum og riturum bæði hjá HSÍ og félögum. Félögin geta pantað dómara námskeið og útskrifað þannig A stigs dómara en B og C stigs námskeið eru haldin hjá HSÍ 1-2 á ári. Námskeið fyrir ritara og tímaverði eru haldin að hausti áður en deildarkeppnin hefst og hafa þau verið vel sótt.

C stigs dómarar (deildardómarar) þurfa að standast próf þrisvar á hverju keppnistímabili. Á haustfundi, janúarfundi og að vori á fundi fyrir úrslitakeppni. Þar eru lögð fyrir bæði þolpróf og skrifleg próf. Þeir dómarar sem ekki hafa staðist prófin fá ekki að dæma í efstu deild. Undanfarin ár hefur þrekþjálfari starfað með handboltadómurum í 6 vikur að sumri.

Ísland hefur átt dómaraþör í fremstu röð á alþjóðavísu í mörg ár og stefnan er að eiga áfram dómara sem komast á stórmót í handbolta. Til þess þarf að styðja við unga dómara, hjálpa þeim að þróast og komast á alþjóðavettvang (EHF young referee).

HSÍ á tvö alþjóðleg dómaraþör og auk þess hafa tvö yngri þör verið í þjálfun hjá EHF, stefna HSÍ er að eiga þrjú alþjóðlega dómaraþör hverju sinni og verður því markmiði að öllum líkindum náð 2021. Alþjóðadómaraþörin skulu vera fyrirmyndir annarra handknattleiksdómara og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem þeim býðst á erlendri grundu (nema þegar úrslitahelgi bikarkeppninnar og lokaúrslit Íslandsmótsins fara fram).

Skipulagning og vinna í dómaramálum HSÍ er unnin af dómaranefnd í samstarfi við skrifstofu HSÍ.

Fræðslumál þjálfara

Þjálfaramenntun HSÍ er byggt upp samkvæmt stöðlum Rinck áætlunar evrópska handknattleiks-sambandsins.;

1. stig, þjálfun barna (6. - 8. flokkur)
2. stig, þjálfun unglinga (3. – 5. flokkur)
3. stig, þjálfun meistaraflokks (afreksþjálfun)
4. stig, EHF Mastercoach

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Þrjár helgar eru fráteknar á hverju ári fyrir þjálfaranámskeið.

Framtíðarsýnin er að allir handknattleiksþjálfarar að hafa menntun til að mega starfa sem þjálfarar svipað og þekkist annarsstaðar í Evrópu. Fræðslu- og útbreiðslunefnd í samstarfi við mótanefnd vinnur að áætlun þar sem allir meistaraflokksþjálfarar í handknattleik þurfa að hafa 3. stigs menntun til að mega starfa í meistaraflokki fyrir haustið 2020. Lágmarkskröfur á þjálfaramenntun yngri flokka þjálfara verða unnar í framhaldi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að fræðslumálum.

Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun

Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ í mótum á vegum EHF/IHF. Að sama skapi teljast þeir hópar sem keppa á vegum HSÍ á mótum á vegum EHF/IHF afrekshópar.

Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem HSÍ boðar til, auk allra leikja.

Yngri landslið

Afreksstarf HSÍ hefst með handboltaskóla fyrir 13 ára stelpur og stráka, hann fer fram í byrjun júní ár hvert. Þar gefst hverju félagi tækifæri til að senda fjóra leikmenn sem æfa saman eina helgi undir stjórn unglingalandsliðsþjálfara. Þá fara einnig fram ýmsar prófanir á vegum Háskólans í Reykjavík sem safna upplýsingum í rannsókn um hvað þarf til að vera framtíðarlandsliðsmaður.

Mikið er lagt uppúr því að kunna að vera í landsliði, leikmenn læri ákveðin gildi og fara eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður. Unnið er markvisst að því að leikmenn taki ábyrgð á eigin þjálfun og samskiptum og kunni að bregðast við mótlæti.

U-14/15 ára landslið, hefst að hausti eftir handboltaskóla HSÍ. Liðið æfir 4-5 sinnum á ári og þar af tvisvar í tvískiptum hóp, þar sem árgangarnir æfa sinn í hvoru lagi. Margir leikmenn fá að spreyta sig

og hæfileikar einstaklinganna skoðaðir. Hér hefst undirbúningur fyrir frekara landsliðsstarf, leikmenn kynnast því hvernig er að æfa í landsliði og fá smjörþefinn af því sem koma skal.

U-16/17 ára landslið, frekar unnið að uppbyggingu liðs. Leikaðferðir eldri landsliðanna kynntar fyrir leikmönnum og unnið markvisst að því að búa til liðsheild. Umgjörð liðsins eykst, leikmenn fá æfingafatnað og fleiri starfsmenn koma að æfingunum. Liðið fer á æfingamót erlendis.

U-18/19 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Umgjörð á æfingum meiri en áður og mikið lagt uppúr faglegri þjálfun. Unnið með styrktarþjálfara á æfingum og líkamleg próf tekin reglulega þannig hægt sé að fylgjast með framgangi og uppbyggingu leikmannanna.

U-20/21 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Áframhaldandi vinna með styrktarþjálfara á æfingum og leikmenn prófaðir reglulega. Þá er tenging á milli þjálfarateyma u-20 ára landsliðs og A landsliðs, þannig að leikmenn eigi auðveldara með að taka síðustu skrefin, hvort sem er í A landslið eða í atvinnumennsku.

Töluverður munur hefur verið á árangri yngri landsliða karla og kvenna undanfarna áratugi og því eru markmið liðanna mismunandi eftir kyni. Markmið yngri landsliða karla er að vera meðal 8 efstu liða á bæði HM og EM hverju sinni og tryggja þannig sæti á næstu stórmótum. Markmið yngri landsliða kvenna er að komast reglulega á stórmót og festa sig í sessi þar fyrir 2024.

A & B landslið

A-landslið, þar spila og æfa okkar bestu handboltamenn hverju sinni. Liðinu er stýrt af færum þjálfurum sem hafa sannað sig í alþjóðahandbolta og öll umgjörð er eins og best verður á kosið. Það á að vera draumur hvers handboltamanns að komast í A landslið.

Markmið liðsins til lengri tíma er að vera inni á Ólympíuleikum bæði 2020 og 2024 en til þess þarf að sýna stöðugleika á HM og EM (skammtíamarkmið) og tryggja þannig sæti á Ólympíuleikum.

B-landslið æfir 3-4 sinnum á ári undir stjórn A landsliðsþjálfara og u-20/21 ára þjálfara. Hópurinn er ætlaður þeim leikmönnum sem næstir eru A landsliðinu hverju sinni. Þar er hægt koma þeim inn í leikaðferðir A landsliðs og undirbúa þá fyrir frekari frama.

Þjálfarar landsliða

Allir þjálfarar landsliða skulu hafa gengið í gegnum þjálfaranám HSÍ eða sambærilega menntun erlendis. Til að þjálfari í handboltaskóla HSÍ, u-14 eða u-16 ára landsliði skulu þjálfarar hafa lokið 2. stigi þjálfaramenntunar. Þjálfarar u-18 og u-20 ára landsliða skulu hafa klárað 3. stig þjálfaramenntunnar. Þjálfarar A landsliða skulu hafa MasterCoach gráðu frá EHF. Aðeins er hægt að gera undantekningu frá þessu ef þjálfarar er þegar skráðir í námið þegar þeir hefja störf fyrir HSÍ (nánar um menntun þjálfara annars staðar í afreksstefnu).

Þjálfurum yngri landsliða ber að vera faglegir í vali sínu á leikmönnum í landslið og vera í góðu sambandi við þjálfara félagsliða. Þjálfurum ber að horfa ekki eingöngu á þá leikmenn sem snemma verða hæfilíkarir heldur einnig þá sem geta hjálpað liðinu til framtíðar. Mikil áhersla er lögð á samræmi í þjálfun á milli landsliða og að sömu leikaðferðum sé beitt í grunninn. Þjálfurum ber að skila skýrslu um sitt landslið í lok hvers árs.

Yfirþjálfari yngri landsliða stýrir starfi yngri landsliðanna. Hann markar stefnu landsliðanna hverju sinni, skipuleggur landsliðsæfingar, gerir æfingaáætlanir og veitir landsliðsþjálfurum þá stýringu sem þarf til. Þá tengir yfirþjálfarinn saman A landslið og yngri landslið, samrýmir leikaðferðir og hefur

yfirsýn yfir þá leikmenn sem æfa með yngri landsliðunum. Yfirþjálfarinn sér um ráðningar á þjálfurum yngri landsliða í samráða við framkvæmdastjóra HSÍ.

Markmannsþjálfari fylgir hverju landsliði og kemur reglulega inná æfingar. Markmannsþjálfarar vinna saman eftir leiðbeiningum markmannsteymis HSÍ fyrir hvern aldur.

Styrkþjálfari sér um styrktarþjálfun landsliðanna. Hann fylgist með framvindu leikmanna og ráðleggur varðandi framhaldið (í samstarfi við þjálfara leikmannsins þar sem það á við).

Leikgreiningar eru stór þáttur af leiknum og sérstaklega mikilvægur á stórmótum. Allir landsliðsþjálfarar HSÍ hafa aðgang að Sideline (XPS) og eiga að vinna sínar greiningar þar. Ísland var snemma framarlega á sviði leikgreininga og mikilvægt er að halda þeirri þekkingu við svo hún skili sér til yngri þjálfara. Stefnan er að búa til stóran æfingabanka í Sideline sem allir þjálfarar hafa aðgang.

Fagteymi

Nokkur fagteymi starfa á HSÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum. Hlutverk fagteyma er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Auk þess er sambandið í nánú samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem sér um ýmskonar mælingar á landsliðsmönnum o.fl.

Sjúkraþjálfarar fylgja yngri landsliðum í allar keppnisferðir og eru reglulega á æfingum. Hjá A landsliðum eru sjúkraþjálfara á öllum æfingum auk þess tveir sjúkraþjálfarar ferðast með liðinu í öll mót og leiki. HSÍ hefur skipað sjúkraþjálfarateymi og þar er unnið að áætlun hvernig skuli unnið með leikmenn. Hér er átt við fyrirbyggjandi æfingar, fyrstu viðbrögð þegar leikmenn slasast á æfingum og langtímameðferðir. Áætlunin verður kynnt fyrir félögum þegar hún er tilbúin.

Sjúkranuddari ferðast með A landsliðunum í alla leiki og er til taks á æfingum og milli æfinga hér heima.

Læknar ferðast með A landsliðum í alla leiki erlendis og eru til taks þar. Handknattleikssambandið hefur einnig greiðan aðgang að sérfræðilæknum hér heima og hægt er að leita til þeirra með stuttum fyrirvara.

Næringarfræðingur er til taks hjá HSÍ og hefur sérstaklega verið nýttur með yngri landsliðum. Þar fá framtíðarlandsliðsmenn, þjálfara og foreldrar að vita allt það helsta sem hafa ber í huga varðandi næringu og mataræði íþróttafólks.

Andleg þjálfun, íþróttasálfræði kynnt fyrir leikmönnum með ýmskonar markmið og skipulag í huga. Auk þess fara yngri landsliðin í gegnum fyrirlestra þar sem vakin er athygli á því að vera með lífið á hreinu og hvernig afreksmaður í íþróttum getur undirbúið lífið eftir boltann.

Mælingar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Upplýsingum er safnað um líkamlegt atgervi leikmanna allra landsliða, greining á líkamlegri getu leikmanna og hvað má betur fara. Þetta starf veitir sambandinu mikla möguleika á gagnasöfnun um afreksmenn framtíðarinnar og fá þannig vitneskju um þróun þeirra frá yngri flokkum til A landsliðs. Þá hefur HR einnig staðið fyrir rannsóknum á getu og hæfni leikmanna í handboltaskóla HSÍ (13 ára stelpur og strákar).

Það er stefna HSÍ að halda fagteymum í sama horfi og þau hafa verið, en bæta í rannsóknir á leikmönnum t.a.m. um hámarkspól og hámarksstyrk. Einnig er ætlunin að fara í rannsóknir á fyrirbyggjandi æfingum og sjá þar hvort hægt sé minnka áhættu á meiðslum með réttum aðferðum

sem henta íþróttinni. Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er hluti þeirra þegar hafinn.

Aðstaða

HSÍ býr í raun ekki að neinni aðstöðu, annarri en skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ekki er til eiginlegur þjóðarleikvangur og sambandið býr ekki að æfingaaðstöðu. Sambandið er í raun háð því að fá lánaða eða leigða æfingatíma hjá aðildarfélögum sínum. Félögin eru hvött til að halda áfram góðu samstarfi við HSÍ í þessum efnum og að liðka til fyrir æfingar og leiki á vegum sambandsins.

Framtíðarmarkmið HSÍ er að geta haldið stórar æfingahelgar þar sem öll landsliðin æfa á sama stað, bæði æfingar með bolta og styrk auk fyrirlestra og annars sem tengist afreksstarfi sambandsins en til þess þarf nýjan íþróttahöll þar sem öll aðstaða þarf að vera til staðar. Erfitt er fyrir sambandið að gera sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, hér verða yfirvöld að stíga inn en á þessu aðstöðuleysi þarf að vinna bragabót svo að íþróttin megi dafna og tryggt verði að framganga landsliða okkar verði í framtíðinni jafn glæsileg og hingað til. Nauðsynlegt er að ríki og borg hefji viðræður við íþróttahreyfinguna um lausn þessara mála. HSÍ mun halda áfram að vinna að því í samvinnu önnur íþróttasambönd.

Fjármögnun

Opinberir styrkir standa undir um 30% af reksri handknattleikssambandsins á hverju ári. Það er um að ræða styrki frá afrekssjóði, Lottó, útbreiðslustyrk og ríkisstyrk. Mismunurinn er fenginn með sölu auglýsinga, sölu aðgöngumiða á landsleiki, styrkjum frá 25 samstarfsaðilum auk sjónvarpssamnings. HSÍ býr enn við að láta leikmenn yngri landsliða borga fyrir sínar ferðir erlendis en framtíðarmarkmið er að afrekssjóður og styrktaraðilar standi undir rekstri allra landsliðanna.

Aðalmarkmið HSÍ undanfarin misseri hefur verið að gera reksturinn markvissari og greiða upp skuldir. Frá 2020 er reiknað með því að hægt sé að styrkja leikmenn yngri landsliða á keppnisferðum, þannig að þeir greiði fasta upphæð fyrir hverja ferð í stað þess að borga allan þann kostnað sem til fellur. Í framhaldi af því verður svo hægt að skoða frekari þátttöku HSÍ í kostnaði á þátttöku yngri landsliða erlendis.

Fjármögnunin er unnin af stjórn HSÍ í samstarfi við framkvæmdastjóra og skrifstofu.

Niðurlag

Helstu markmið HSÍ til framtíðar eru að öll landslið komist í lokakeppnir stórmóta, hvort sem um ræðir A landslið eða yngri landslið. Það er ekki sjálfgefið að komast þangað og krefst mikillar vinnu, en þessa vinnu þekkir fólk innan hreyfingarinnar.

Til þess að þetta gangi eftir þarf að áframhaldandi góðu vinna á öllum vígstöðvum (innan vallar sem utan) og það mikilvægasta af öllu er grasrótin, hún má ekki gleymast.

Handbolti á sér langa og góða sögu á Íslandi; fræknir sigrar á erlendri grundu, verðlaun á stórmótum, leikmenn í stærstu liðum heims o.s.frv. Það er því leitt að hugsa til þess að enn vantar peninga svo reka

megi yngri landsliðin með góðu móti. Þau er ennþá háð söfnunum landsliðsmanna og leggja þeir á sig mikla vinnu til að komast í keppnisferðir.

Það er von okkar að stækkun afrekssjóðs skili sér rækilega í afrekssstarfið en að sama skapa má ekki slaka á þegar kemur að styrktaraðilum og öðrum tekjulindum HSÍ.

Davíð óskaði eftir því að tillögum til breytinga á lögum yrði vísað til laganefndar.

Engar athugasemdir bárust.

Tillögum til breytinga á lögum var vísað til laganefndar.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Davíð B. Gíslason fékk aftur orðið.

Davíð óskaði eftir því að farið yrði yfir tvö mál í sameinaðri allsherjar- og laganefnd. Annað málið varðaði siðareglur HSÍ. Siðareglurnar hafi verið í gildi lengi en sjórn HSÍ lagði mikla vinnu í vetur við að skrifa þær upp á nýtt og hugsa þær upp á nýtt, bæði í ljósi umræðunnar tengslum við veðmál og til þess að færa textann til nútímans. Félögunum hafa verið sendar þessar siðareglur sem búið er að stokka aðeins upp og að auki lágu þær frammi í þingskjöllum. Helstu breytingarnar eru að búið er að breyta aðeins uppsetningunni. Í stað þess að hafa þrískiptar reglur fyrir leikmenn, landsliðsmenn og áhorfendur þá verða nú almennar siðareglur sem allir eiga að hlýta ásamt sérstökum reglum. Þeim eiga stjórnarmenn, starfsfólk og aðrir sem koma fram fyrir hönd HSÍ að fara sérstaklega eftir til viðbótar við þeim almennu reglum sem liggja fyrir.

Eins og áður hefur komið fram þá var settur á laggirnar starfshópur hjá menntamálaráðuneytinu á síðasta ári sem var með það verkefni að koma með tillögur að aðgerðum og breyttum vinnuaðferðum og viðbrögðum í ljósi frásagna um kynferðislega áreitni og ofbeldishegðun innan íþróttahreyfingarinnar og víðar. Niðurstöðurnar voru kynntar síðastliðið haust. Þær voru meðal annars fóður í vinnu laganefndarinnar. Þar var ýmislegt lagt til og meðal annars að birt yrði fræðsluefni og upplýsingaefni til forvarnar sem gæfi aðilum skýra mynd af því hvernig á að haga sér. Auk þess var lagt til að setja fram skýrar siðareglur. ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni og unnið gott starf þar. Sambandið hefur gert það aðgengilegt á heimasíðu HSÍ og Davíð hvatti öll aðildarfélög til að koma þeim tengingum líka upp hjá sér þannig að fræðsluefnið yrði aðgengilegt, bæði fyrir þá sem starfa í aðildarfélögunum og líka fyrir félagsmenn. ÍSÍ hefur jafnframt endurnýjað sínar siðarreglur og hegðunarviðmið og HSÍ hefur nýtt sér vinnu bæði starfshópsins og ÍSÍ til að bæta siðarreglur sambandsins. Það má sjá í bæði í gr. 6 og í gr. 7 í siðarreglunum þar sem tekið er fastar á þessu en hefur verið áður.

Annað stórt mál hefur haft áhrif á vinnu við gerð siðareglanna. Á síðasta ári var gerð rannsókn hjá Háskóla Íslands á þátttöku handknattleiksfélks í veðmálum. Rannsóknin var gerð í mars 2018 og í raun áður en handboltinn varð útsettur fyrir markaðssetningu veðmálafyrirtæki hérna á Íslandi. Því það verður að segjast eins og er að það hefur verið sótt að okkur á þessu keppnistímabili að markaðssetja okkur sem afurð í veðmálastarfssemi, sagði Davíð. Í rannsókninni kom fram að riflega þriðjungur þeirra sem taka þátt í veðmálum hafa veðjað á leiki í eigin deild. Þetta voru ekki margir aðilar þannig að niðurstaðan var svolítið skökk. Davíð vildi samt sem áður meina að það væri alveg ljóst að veðmálin væru vaxandi v á í íþróttum, sérstaklega í tengslum við *match-fixing* sem mikil umræða er um í alþjóðasamfélaginu. Þess vegna væri gríðarlega mikilvægt að setja inn strangar reglur um þetta í aganefndarreglugerðina og Davíð hvatti þingfulltrúa til þess að kynna sér það vel, því að þetta skipti

máli. Í siðareglunum kemur skýrt fram að þátttaka í veðmálum eigin leikja og eigin deild er einfaldlega óheimil. Davíð tók fram að þetta yrði einnig sett inn í leikmannasamningana. Stjórn stefni að því að gera nýja leikmannasamninga á fyrsta fundi eftir ársþing og Davíð sagðist ætla fara rólega yfir hugmyndafræðina í því seinna á þinginu, án þess að þeir væru til samþykktar á þinginu. Niðurstöður rannsóknarinnar á veðmálastarfsemi sýndu einnig að meiri hluti leikmanna hafði ekki hugmynd um hvort ákvæði væri í leikmannasamning þeirra, um að þátttaka í veðmálum væri bönnuð, eða ekki. Þannig að leikmenn almennt kynna sér ekki mikið smáletrið í samningunum sínum. HSÍ og félögin þurfa að standa saman í því að hvetja til þess að menn séu meðvitaðir um skyldur sínar í þessum efnum. Davíð hvatti þingfulltrúa til að koma með umræðu um siðareglurnar á þinginu og vonaðist til að þær yrðu samþykktar.

Hitt málið sem Davíð vildi koma að var þingskjal nr. 11. Afreksstefna HSÍ. Hún var einnig lögð fram með þinggögnum. Þetta er eitt af því starfi sem HSÍ er stolt af og hefur lengi verið að vinna í. Þetta er eitt af samstarfsverkefnum sambandsins með ÍSÍ og ber HSÍ skylda til þess að ná fram þeim kröfum sem eru lagðar á starfið af afrekssjóði og ÍSÍ. Því væri mikilvægt að þingið samþykkti afreksstefnu og Davíð hvatti þingfulltrúa til þess að kynna sér hana. Jafnframt bað hann um að þessu yrði einnig vísað til allsherjar- og laganeftndar til umræðu.

Orðið var boðið laust fyrir umræðu um þessi tvö málefni.

Haraldur Hannesson, fulltrúi ÍR, bað um orðið:

Haraldur spurði einfaldlega hvort persónulöggjöfin sem sett var á síðasta ári þyrfti ekki að komast inn í þennan lagabálk.

Þingforseti lagði til að allsherjar- og laganeftnd tæki þetta fyrir. Var það samþykkt.

Líney Rut Halldórsdóttir, fulltrúi ÍSÍ, bað um orðið:

Líney vildi aðeins minnst á persónuverndina. ÍSÍ hefur verið að vinna með Advice Advania og sagðist Líney vona að þingfulltrúar hafi heyrt eitthvað af því. Þá hafi líka verið haldin námskeið fyrir sersambönd og íþróttabandalögin og þangað hafi félögin einnig verið boðin velkomin. Jafnframt tók Líney það fram að ef félögin vantaði upplýsingar ættu þau endilega að hafa samband við Elías hjá ÍSÍ eða bara við skrifstofu ÍSÍ. Þá nefndi hún að komið væri vefsvæði inn á *Teams* fyrir félög þar sem þau gætu fengið aðgengi að alls konar upplýsingum vegna þess að allir eru undir persónuverndarlögunum, og hafa reyndar alltaf verið. Nýja löggjöfin er meira miðuð að réttindum einstaklings á að vita hvar um hann er safnað upplýsingum og hvað er gert við þær og hvort það megi þá eyða þeim upplýsingum. Líney hvatti þingfulltrúa til að kynna sér nýju löggjöfina.

Líney fagnaði því að á þinginu væru tekin upp tvö mál sem hún telur mestu vá sem steðjar að íþróttahreyfingunni. Það væri annars vegar lyfjæftirlit og hagræðing úrslita og hins vegar að við þurfum náttúrulega að haga okkur, sagði hún. Líney fagnaði nýju siðareglum HSÍ og vildi meina að ÍSÍ gæti líka alltaf lært af HSÍ eins og HSÍ nýti sér efni frá ÍSÍ. Þau hjá ÍSÍ vilji fá ábendingar ef eitthvað er. Að lokum ítrekaði hún alvarleika þess að úrslitum sé hagrætt og vildi meina að það væri á pari við lyfjamisnotkun. Líney hvatti því þingfulltrúa til að vera á varðbergi vegna þess að það væri ekki bara verið að hagræða einhverjum úrslitum heldur einstökum atriðum innan leikja. Þetta væri mjög lúmskt hvernig þetta allt saman væri og hvaða áhrif þetta gæti haft niður í hreyfinguna.

Sævar Pétursson, fulltrúi KA, bað um orðið:

Sævar vildi koma því á framfæri varðandi þingskjal nr. 8 að honum fyndist þetta vera galin breyting á reglunum, að opna á að stjórn gæti gert félagaskipti. Hann bað laganefndina að skoða þetta mjög varlega því að verið væri að opna á að það séu ekki reglur heldur að stjórnin ákveði félagaskiptin.

Fleiri báðu ekki um orðið.

Athugasemdum var komið til nefndanna.

---- þinghlé meðan þingnefndir starfa ----

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir góðar og uppbyggilegar umræður í nefndarstörfum.

Þá bauð hann Alfreð upp í pontu til að gera grein fyrir breytingum á kjörbréfum.

Þingfulltrúum fjölgaði um þrjá, úr 32 í 35:

Selfoss: Einar Sindri Ólafsson

Víkingur: Fannar Helgi Rúnarsson, Hallur Magnússon

Breytingar á þingbréfum voru samþykktar athugasemdalaust.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Davíð B. Gíslason fékk orðið til að kynna störf laga- og allsherjarnefndar. Hann þakkaði fyrir þá vinnu sem lögð var í störf nefndarinnar.

Þingskjal nr. 4

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 4 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 5 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 7

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 7 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 8

Laga- og allsherjarnefnd lagði fram þá tillögu að setja inn viðbótarákvæði sem þrengi aðeins rýmið fyrir stjórn að heimila félagaskipti af þessu tagi. Ákvæðið hljómaði þá þannig:

Stjórn HSÍ er í algerum undantekningartilfellum, sem varða persónulega hagsmuni leikmanns, heimilt að samþykkja félagsskipti utan þessa tímabila. Beiðnir af þessum toga skulu ítarlega rökstuddar.

Davíð tók það fram að með lagabreytingunni fylgi greinagerð sem útskýrir að í ákvæðinu er átt við persónulega hagi leikmanns. Þá væri sérstaklega tekið fram að lagabreytingin snúist ekki um möguleika leikmanns til þátttöku í handknattleik, hvort hann er betur staddur hjá öðru liði getulega séð, hann langi til að spila með öðru liði eða að félagið vanti mann í viðkomandi stöðu. Lagabreytingin snúi að þeim atvikum þegar viðkomandi aðili er í þeirri stöðu, vegna fjölskylduaðstæðna eða vegna persónulegra atvika sem hafa komið upp, að leysa þurfi úr þeim persónubundnu vandamálum sem viðkomandi er kominn í hjá viðkomandi félagi. Þá þurfi bæði leikmaðurinn og félagið að vera sammála um félagaskiptin. Laga- og allsherjarnefnd lagði til að þingskjalið yrði samþykkt með þessum hætti og þessari greinagerð sem myndi þá fylgja með frá þinginu.

Hallur Magnússon, fulltrúi Víkings, bað um orðið til að koma með athugasemd.

Hann spurði hvort ekki væri betra að breyta orðalaginu og tala um velferð leikmanns en ekki hagsmuni. Hann taldi að meiningin væri sú sama og kannski meira lýsandi fyrir því sem að inntak þessarar greinar ætti að vera.

Davíð fékk orðið.

Hann taldi að orðið velferð næði ágætlega utan um þá umræðu sem fram fór í nefndinni fyrir á þinginu.

Þingforseti lagði fram breytingartillögu frá þinginu um að breyta orðinu hagsmunir í velferð.

Breytingartillagan var samþykkt samhljóða.

Þá lagði þingforseti þingskjal nr. 8 fram til samþykktar eða synjunar með breytingartillögu frá laga- og allsherjarnefnd ásamt breytingartillögu þingsins.

Þingskjal nr. 8 var samþykkt samhljóða með breytingartillögu frá laga- og allsherjarnefnd ásamt breytingartillögu þingsins.



**62. ársþing HSI haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 8

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

53. gr. Félagaskipti

...

Stjórn HSI er í algerum undantekningartilfellum, sem varða persónulega velferð leikmanns, heimilt að samþykkja félagsskipti utan þessa tímabila. Beiðnir af þessum toga skulu ítarlega rökstuddar.

Greinargerð

Upp geta komið sérstök atvik eða kringumstæður aðila sem kalla á sérstaka skoðun mála. Aðalreglan er skýr og er hér gert ráð fyrir að í algerum undantekningartilfellum geti stjórn vikið frá aðalreglunni í algerum neyðartilfellum. Slík heimild er ekki fyrir hendi nú en gert er ráð fyrir að stjórn beiti þessari heimild á afar varfærinn hátt.

Þingskjal nr. 9

Laga- og allsherjarnefnd lagði fram þá tillögu að orðalag yrði lagfært þannig að óheimilt væri að taka þátt í veðmálum leikja eigin félaga og orðið happdrætti yrði tekið út. Auk þess yrði almenna ákveðið um bann við veðmálastarfsemi fært yfir í þá sem að koma fram fyrir hönd HSI.

Lagt til að þingskjal nr. 9 verði samþykkt með breytingartillögu.

Þingskjal nr. 9 samþykkt samhljóða með breytingartillögu.



**62. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
6. apríl 2019**

Þingskjal nr: 9

Tillaga um siðareglur HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Siðareglur HSÍ

Siðareglur þessar eiga við um alla aðila innan HSÍ og aðildarfélaga og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af handknattleikshreyfingunni.

C. Almenn

1. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, innan vallar sem utan, og sýndu háttvísi og heilindi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Sýndu jákvæða hegðun, heiðarleika og framkomu í garð allra þátttakenda og stuðlaðu að slíku í fari annarra. Sýndu aldrei og spornaðu gegn óíþróttamannslegri, ógnandi og/eða niðurlægjandi hegðun.
3. Sýndu öllum þátttendum leiksins virðingu hvort sem um er að ræða andstæðingum, dómurum, starfsmönnum, meðspilurum, áhorfendum eða öðrum sem þátt taka í handknattleik.
4. Ekki er heimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi.
5. Óheimilt er öllum að misnota valdastöðu sína eða hvers konar yfirburði sem viðkomandi kann að hafa yfir öðrum.
6. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kyn, kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins. Allri mismunun er hafnað.
7. Hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti, ofbeldi eða annarri vanvirðandi framkomu er hafnað.
8. Öllum sem taka þátt í leikjum á vegum HSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða þess háttar vegna leikja eigin félags eða atvik í þeim leikjum með beinum eða óbeinum hætti. Jafnframt er öllum þessum aðilum bannað að veita öðrum upplýsingar, sem ekki eru opinberar, í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál.
9. Óheimilt er að neyta ólöglegra lyfja eða efna sem bönnuð eru skv. alþjóðareglum.

D. Stjórnarmenn, starfsfólk, þjálfarar og aðrir sem koma fram fyrir hönd HSÍ.

9. Standa vörð um gildi, hagsmuni og markmið HSÍ.
10. Taka ábyrgð sína gagnvart HSÍ, ÍSÍ, alþjóðasamtökum og aðildarfélögum alvarlega.
 1. Leggja áherslu á lýðræðislega og gegnsæja ákvarðanatöku og vinnubrögð. Leggja sig fram um að virkja sem flesta til starfa fyrir hreyfinguna og halda félagsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum vel upplýstum um framgang þeirra verkefna sem unnið er að.
 2. Stuðla að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í starfsemi HSÍ.
 3. Leysa úr ágreiningi á sanngjarnan og málefnalegan hátt og til samræmis við reglur og venjur HSÍ.
 4. Nota aldrei aðstöðu sína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað HSÍ eða aðildarfélaga.
 5. Öllum sem koma fram fyrir hönd HSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti eða þess háttar vegna allra leikja eða atvika í leikjum á vegum HSÍ með beinum eða óbeinum hætti.
 6. Gæta trúnaðar og þagmælsku en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
 7. Vinna með öðrum aðilum innan HSÍ að því markmiði að bæta árangur, stuðla að framförum og auka veg íþróttarinnar í heild.

Samþykkt af ársþingi HSÍ 2019

Greinargerð

Á síðasta ári var sett á laggirnar starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins til að koma með tillögur að aðgerðum, breyttum vinnuaðferðum og viðbrögðum í ljósi frásagna um kynferðislega áreitni og ofbeldishegðun innan íþróttahreyfingarinnar og víðar. Í niðurstöðu starfshópsins, sem birt var síðastliðið haust, var lagt til að aðilar innan íþróttahreyfingarinnar myndu gefa út fræðslu- og upplýsingaefni til forvarna sem og að setja aðilum skýrari siðareglur. ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni sem hefur verið gert aðgengilegt af heimasíðu HSÍ og laganeftnd HSÍ hefur á þessu tímabili unnið að endurskoðun siðareglna HSÍ og leikmannasamninga m.a. með þessari tillögur að leiðarljósi.

Á síðasta ári var gerð BS-rannsókn hjá sálfræðideild Háskóla Íslands sem hluti af lokaritgerð nemanda þar sem rannsakað var þátttaka handknattleiksfélks í veðmálum í handknattleik. Það sem kom fram þar er að ríflega þriðjungur þeirra sem taka þátt í veðmálum skv. rannsókninni hafa veðjað á leiki í eigin deild og hluti af þeim á eigin leiki. Í ljósi þessara upplýsinga og þess að veðmál virðast æ meira í íþróttumræðu og eru skv. alþjóðlegum aðilum ein mesta vát í íþróttum tengdum „matchfixing“ hefur laganeftnd HSÍ lagt til að settar verða skýrar reglur um bann við veðmálum í siðareglum sem og í

leikmannasamningum og reglugerðum HSÍ. Jafnframt hefur verið settar skýrar tengingar í lögum HSÍ við siðareglur HSÍ og skyldu allra aðila innan hreyfingarinnar að lúta þeim reglum.

Einnig hefur laganefnd HSÍ endurskoðað uppbyggingu siðareglanna og í stað þess að vera með skiptar reglur eftir leikmönnum, áhorfendum ofl þá er nú lagt til að reglurnar verði almennar annars vegar og hins vegar gagnvart aðilum sem koma fram fyrir hönd HSÍ sérstaklega.

Þingskjal nr. 11

Afreksstefna HSÍ verður lögð árlega fyrir ársþingið. Þetta er heildarafreksstefna HSÍ til 8 ára í samræmi við kröfur frá ÍSÍ.

Lagt til að hún verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 11 var samþykkt samhljóða.

Fyrir hönd fjárhagsnefndar steig Sævar Pétursson upp í pontu.

Fjárhagsnefnd lagði til eina breytingu á fjárhagsáætlun HSÍ. Lagt var til að bætt yrði við lið 12, sem kallast *annar kostnaður* undir *rekstrargjöld*, afskriftir upp á 500 þúsund. Ástæðan var sú að fjárhagsnefnd fannst ekki vera gert ráð fyrir árlegum afskriftum HSÍ í fjárhagsáætluninni. Þetta leiddi til þess að *hagnaður án fjármagnsliða* lækkaði niður í 5,6 milljónir og *hagnaður tímabilsins* niður í 4,2 milljónir.

Sævar vildi koma því fram að áætlunin og reksturinn árið 2018 hafi verið til fyrirmyndar.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða með breytingartillögu.

16. Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils

Þingritari gaf Róberti Geir Gíslasyni orðið til að gera grein fyrir breytingum á þátttökugjöldum í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils.

Í þinggögnunum var tillaga stjórnar fyrir þátttökugjöld næsta árs. Örlitlar breytingar voru á þátttökugjöldunum milli ára. Ber þar hæst að lagt var til að mótagjöld yrðu hækkuð um 30.000 í öllum deildum. Ekki var um raunhækkun að ræða heldur var verið að leggja til að leggja niður það sem hét áður leikskýrslugerð, sem hefur verið gjaldaliður inni í mótagjöldum. Sá gjaldaliður yrði í raun og veru tekinn út og andvirði hans sett undir mótagjöld, til einföldunar. Þá var lögð til hækkun á félagaskiptagjöldum um 1.000 krónur en lækkun á félagaskiptum erlendis frá um 1.500 krónur. Það var til að jafna út tölurnar. Utandeild karla var lögð til hækkunar um kr. 15.000, bikarkeppni úr 11.000 í 15.000 og í úrslitum í 30.000 úr 27.500. Fleiri hækkanir var ekki um að ræða.

Lagt fram til samþykktar.

Skjal um þátttökugjöld var samþykkt með einu gagnatkvæði.

17. Önnur mál

Davíð B. Gíslason fékk orðið.

Davíð sagði þingfulltrúum frá því að laga- og allsherjanefndin eyddi góðum tíma í mál sem komu inn í nefndina en voru ekki til samþykktar á ársþingi. Meðal þeirra var að stjórn fyrirhugar að endurgera leikmannasamninga og færa til betri vegar. Í umræðum í nefndarstörfum komu fram góðar ábendingar varðandi atriði tengdum nauðsynlegum búnaði. Einnig er markmið stjórnar að setja inn í leikmannasamningana og samræma ýmis atriði við alþjóðlegar reglur varðandi félagaskipti og samningaviðræður. Þá hefur verið að sett inn ákvæði varðandi siðareglur, veðmálastarfsemi og tryggingamál. Nýju samningarnir voru skjal í vinnslu þegar ársþingið átti fór fram. Byrjað var að vinna þá í vetur á formannafundi og hugmyndin var að fá umræðu og ábendingar frá þinginu. Davíð var ánægður með ábendingar sem komu í laga- og allsherjanefndinni. Vinnan við samningana myndi halda áfram og stefnan væri að leggja til fyrir fyrsta fund stjórnar að gera breytingar. Davíð hvatti ennfremur þingfulltrúa til að skoða samningana vel og koma með fleiri athugasemdir til stjórnar, ef þeir hefðu. Þannig að hægt væri að vinna úr þeim áfram.

Annar punktur sem Davíð óskaði eftir að fá afstöðu til eða fá viðbrögð frá þinginu var kostnaðarskipting í oddaleikjum. Reglan er þannig í reglugerðinni að skipting tekna á oddaleikjum er jöfn. Það hefur verið til umræðu á formannafundum að breyta þessu og stjórn hefur fyrirhugað að gera skiptinguna þannig að hún verði ójöfn, verði sem sagt þannig að heimaliðið fái aukinn hlut tekna af oddaleikjum í samræmi við það sem þeir hafa unnið sér til. Heimaliðið geti þá stýrt betur rekstri á þeim oddaleikjum sem þeir halda utan um. Davíð sagði að uppleggið sem væri verið að vinna með væri að færa skiptinguna úr 50/50 yfir í 70/30 prósent. Þetta væri eitthvað sem stjórn myndi leggja til í reglugerðabreytingu sem er ekki undir ársþingi en Davíð sagði að það væri ágætt ef einhver hefði á þessu skoðun, að koma henni á framfæri á þinginu til þess að stjórnin gæti unnið áfram með hana.

Orðið var boðið laust.

Ásgeir Jónsson, fulltrúi FH, bað um orðið:

Ásgeiri langaði til þess að ræða kostnaðarskiptinguna á oddaleikjum. Hann sagði að það hafi verið hans helsta áhugamál undanfarin 15-20 ár. Honum fyndist ósanngjarnt að lið sem hafi unnið sér rétt til þess að halda oddaleik hafi ekki fengið tekjurnar af þeim leikjum. Lengi hafi það verið þannig að félög hafi lagt mikið á sig til þess að gera sitt lið keppnishæft, ná árangri, lenda ofar í deildinni en önnur lið og vinna sér réttinn á oddaleiknum. Þar af leiðandi finnst Ásgeiri ekki við hæfi og ekki eðlilegt að liðið sem er fyrir neðan í deildinni fái jafnar tekjur af oddaleiknum. Hann vildi hafa þann háttinn á að félagið sem hefði unnið sér inn heimaleikjaréttinn fengi allar tekjurnar af oddaleiknum. Þá vildi hann meina að breytingin úr 50/50 prósent skiptingu á tekjum yfir í 70/30 prósent væri ákveðinn millivegur en sagðist jafnframt geta sæst á það. Sem dæmi sér til rökstuðnings sagði Ásgeir frá því þegar FH fór í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn um árið. Í Kaplakrika mættu um 2.200 manns, hrikalega mikil stemning. Félagið lagði mikla vinnu í þann leik. Lagði út fé til þess að gera viðburðinn sem glæsilegastan, var með auka gæslu, keypti tónlistaratriði til þess að vera með stemningu og búa til þennan risa viðburð sem þetta varð. Síðan fimm mínútum fyrir leik heyrðist fyrst frá viðkomandi liði sem var að etja kappi við FH, þegar komu einn eða tveir frá mótherjunum til að standa í hurðinni og telja inn. Eftir viðburðinn gengu sömu menn út með fulla skjalatösku, helminginn af tekjum leiksins. Þetta fannst FH mjög sárt og upplifði það þarna á eigin skinni sem önnur félög hafa upplifað margoft að þegar búið er að búa til svona svaka viðburð og vinna að því allan veturinn, að fá þá ekki tekjurnar til sín.

Orðið var aftur boðið laust.

Enginn kvað sér hljóðs.

Þingforseti gaf þá Guðmundi orðið til að ræða þingsályktunartillögu um þjóðarleikvang.

Undanfarin ár hefur HSÍ reynt að fá einhverja hreyfingu á mál um þjóðarleikvang út af aðstöðuleysi fyrir landsliðin, bæði hvað varðar æfingatíma og geymslu á dótinu og ekki síst vegna leikja. Laugardalshöllin uppfyllir ekki lengur skilyrði til að halda hér alvöru landsleiki og sagði Guðmundur að Ísland ætti því engan kost á því að vera með breytingunum sem eru að verða á stórmótum, að þau séu spiluð í mörgum löndum, jafnvel 2-3 löndum. Ísland ætti ekki séns af því að hér væri ekki hús til að geta tekið þátt í þeim leik. Hins vegar gæfi þetta samböndunum úti í heimi miklar tekjur og þau keppist um að fá að halda stórmót. Þess vegna lá fyrir þinginu tillaga, til þess að sýna hug handknattleikshreyfingarinnar til verkefnisins og setja þrýsting á ÍSÍ, borgaryfirvöld og stjórnvöld. Borgin hefur tekið þessu máli vel en stjórnvöld hafa meira hundsað þetta, hafa ekki viljað vera beinn þátttakandi í máli um þjóðarleikvang.

Þingsályktunartillaga um þjóðarleikvang hljóðar svo:

Handknattleikssþing 2019 lýsir yfir þungum áhyggjum af aðstöðuleysi landsliða í handknattleik. Öllum landsliðum HSÍ, jafnt yngri landsliðum sem A landsliðum, vantar varanlega aðstöðu til æfinga og keppni. Fullyrða má að aðstöðuleysið sé farið að hamla eðlilegri framþróun í afreksstarfi hreyfingarinnar.

Handknattleikssþing hvetur stjórnir HSÍ og Íþrótt- og Ólympíusambandsins (ÍSÍ), sem regnhlífarsamtök hreyfingarinnar, til að taka höndum saman við aðrar íþróttagreinar, sem svipað er ástatt um, með það fyrir augum að hefja tafarlausar viðræður við ríkisvaldið og borgaryfirvöld um varanlega lausn.

Svona myndi tillagan hljóma og Guðmundur lagði mikla áherslu á það að HSÍ ætti að vera í samstarfi við allar þær íþróttagreinar sem þyrftu inni aðstöðu og mynduðu þannig sterka heild til þess að þetta gæti orðið að raunveruleika á næstu árum.

Orðið var boðið laust um umræðu um tillöguna.

Elvar Jónsteinsson, fulltrúi KA, bað um orðið:

Hann vildi rétt ípra á því hvort að þjóðarleikvangurinn þyrfti endilega að vera í laugardalnum. Hann taldi það vera meinloku og vildi að rætt yrði við önnur bæjarfélög og skoðað aðeins í kring.

Guðmundur bað aftur um orðið:

Guðmundur tók það skýrt fram að aðalatriðið væri ekki að laugardalurinn væri raunin. Nágrannasveitarfélögin kæmu einnig til greina. Hann taldi þó að þjóðarleikvangurinn yrði að vera á höfuðborgarsvæðinu. Ef aðrir en Reykjavík væru tilbúnir að hýsa leikvanginn þá væri það alveg frábært. Ástæðan fyrir því að laugardalurinn væri í umræðunni væri sú að höllin er þar og þar er þjóðarleikvangur í fótbolta. Pressan hafi í raun og veru verið sú að missa ekki af umræðunni að fótboltinn sé að fara að stækka upp í 20.000 manna völl eða eitthvað slíkt þegar aðstöðuleysi hjá öðrum íþróttagreinum er svona mikið eins og raun ber vitni. Guðmundur sagði að hugsanlega væri hægt að sameina þetta verkefni. HSÍ hafi lagt fram hugmyndir um að hægt væri að byggja húsið þannig að hægt væri að loka fótboltavellinum í leiðinni, jafnvel samnýta búningssklefa og annað slíkt. Auk þess sagði Guðmundur að Þróttur væri í algjörum hrakningum með sína aðstöðu og þess vegna vissi hann að byggt yrði hús í laugardalnum en hvort tækist að gera það að jafn stóru húsi væri annað mál. Að lokum nefndi Guðmundur að ef Hafnafjörður með byggingarspezialistana Viðar og bróðir hans í

fararbroddi væru til í slíkt þá kæmi Hafnafjörður eða Kópavogur eða hver svo sem er líka til greina. Því yrði haldið alveg opnu.

Þingforseti lagði þingsályktunartillöguna undir atkvæði.

Þingsályktunartillagan var samþykkt samhljóða.

18. Kosning stjórnar

Breyting var á kosningu stjórnar á þinginu og kosið eftir reglugerðarbreytingu síðasta ársþings. Kosið var í ákveðin embætti í stað þess að stjórn myndi skipta með sér hlutverkum eftir þing. Á þinginu voru því níu einstaklingsframboð til stjórnar auk framboða til varastjórnar. Farið var yfir hvern lið í kosningunni.

Framboð til formanns (2 ár): Guðmundur B. Ólafsson, sitjandi formaður, var einn í framboði til formanns HSÍ fyrir næsta starfsár. Hann telst sjálfkjörinn.

Þingheimur staðfesti endurkjör Guðmundar B. Ólafssonar til formanns með lófaklappi.

Framboð til varaformanns (2 ár): Davíð B. Gíslason

Varaformaður var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til meðstjórnandi (1 ár): Arnar Þorkelsson

Meðstjórnandi var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til formanns markaðs- og kynningarnefndar (2 ár): Jón Viðar Stefánsson

Formaður markaðs- og kynningarnefndar var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til formanns dómaranefndar (1 ár): Reynir Stefánsson

Formaður dómaranefndar var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til formanns fræðslu- og útbreiðslunefndar (2 ár): Magnús Karl Daníelsson

Formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til formanns landsliðsnefndar karla (2 ár): Páll Þórólfsson

Formaður landsliðsnefndar karla var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til formanns landsliðsnefndar kvenna (1 ár): Guðríður Guðjónsdóttir

Formaður landsliðsnefndar kvenna var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til formanns mótanefndar (1 ár): Kristín Þórðardóttir

Formaður mótanefndar var sjálfkjörinn og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Framboð til varastjórnar HSÍ (1 ár): Daði Hafþórsson, Hlynur Jóhannsson, Inga Lilja Lárusdóttir

Varastjórn var sjálfkjörin og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

19. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga voru:

- Magnús Gunnar Erlendsson
- Theódór Ingi Pálmason

Til vara voru tveir eftirtaldir skoðunarmenn tilnefndir:

- Guðmundur Frímannson
- Jón Gestur Viggóson

Engin mótframboð eða aðrar tillögur bárust.

Tilnefndir tveir skoðunarmenn og tveir varaskoðunarmenn teljast allir réttkjörnir.

20. Kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir

Þingritari bað um launalaust leyfi og kallaði varaþingritara, Kristján Gauk Kristjánsson, í pontu til að sjá um þennan lið af því að hann var sjálfur tilnefndur í dómstól HSÍ.

Tilnefndir þrír aðaldómarar í dómstól HSÍ voru:

- Bjarki Þór Sveinsson
- Grímur Sigurðsson
- Sigurður Smári Hilmarsson

Þrír varamenn í dómstól HSÍ voru tilnefndir:

- Ágúst Sindri Karlsson
- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Þau töldust öll réttkjörin í dómstól HSÍ.

21. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar voru:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Tilnefndir þrír varadómarar voru:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinnsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Töldust þeir allir réttkjörnir í áfrýjunardómstól HSÍ

22. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Þingforseti bar fram þá tillögu að vali á fulltrúum á íþróttaping verði vísað til stjórnar. Þingforseti lagði tillöguna fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða að val á fulltrúum á íþróttaping ÍSÍ verði sett í hendur stjórnar HSÍ.

Hallur Magnússon, fulltrúi Víkings, notaði tækifærið og lagði fram ábendingu til stjórnar HSÍ að huga að kynjahlutföllum og finna hæfar konur í þessi störf.

Ábendingunni var komið til stjórnar.

23. Þingslit

Þingforseti bauð nýkjörinn formann, Guðmund B. Ólafsson, upp í pontu til að ljúka þinginu.

Guðmundur þakkaði þingfulltrúum kærlega fyrir þingstörfin. Hann sagði að formannafundur sem haldnir væru reglulega hjálpi til við vinnu og undirbúnings svona þings og geri starfið auðveldara. Fundirnir hafi verið mjög góðir og áfram yrðu öll mál borin þar undir. Þá þakkaði Guðmundur traustið fyrir endurkjörið og bauð nýja stjórnarmenn velkomna og þakkaði jafnframt þeim sem létu af störfum. Hann tók ábendingunni varðandi kynjahlutfallið og sagði að stjórn væri meðvituð um að það hallaði á. Hins vegar væri það ekki af vilja heldur hefur stjórn reynt eftir fremsta megni að finna bæði kynin til starfa. Það væri bara einhvern veginn þannig að karlar hafi, hingað til allavega, verið viljugri í þessi störf, hafi boðið sig fram og tekið störfin að sér. Guðmundur sagði að þetta vandamál ætti líka við um t.d. Evrópusambandið og inni á alþjóðasamböndunum. Þar hafi komið upp hugmynd sem samþykkt var á síðasta Evrópuþingi að ef fulltrúarnir eru fleiri en tveir þá verði að minnsta kosti að vera einn frá hvoru kyni. Þannig var verið að tryggja að það kæmu ekki þrír karlar á þingið frá hverju sambandi. Guðmundur sagði að þetta væri eitthvað sem væri hægt að horfa til hér á Íslandi en störfin í félögunum væru svolítið skipt milli karla og kvenna. Konurnar væru meira upp yngri flokka starfið og með börnunum og síðan tækju karlarnir við. Kannski væri það að breytast. Að lokum þakkaði Guðmundur meðstjórnarmönnum fyrir gott starf við undirbúning þingsins og umræðurnar og tillögurnar sem komu fram á þinginu. Hann telur þetta séu mikilvæg mál, eins og með siðareglurnar, veðmálastarfsseminu og réttindin. Guðmundur sagðist horfa bjartsýnn fram á veginn og vona að samstarfið við félögin yrði áfram frábært og óskaði hann þingmönnum góðs gengis.

62. ársþingi HSÍ slitið.